

inpen™

InPen™ kerfið

Notkunarleiðbeiningar



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Ábendingar fyrir notkun	2
3. Frábendingar	2
4. Studd tæki	3
5. Hafist handa	3
6. Notkun á InPen forritinu	13
7. Ítarlegar forritsstillingar.....	20
8. Úrræðaleit	29
9. Samhæft insúlín og nálar	34
10. Undirbúningur	34
11. Undirbúðu InPen	35
12. Lofttæmdu InPen.....	37
13. Skammtur valinn.....	40
14. Inndæling skammtsins	41
15. Hversu mikið insúlín er eftir í InPen?.....	44
16. Skipt um notað insúlínhylki	45
17. Meðhöndlun og geymsla InPen	45
18. InPen hreinsað	45
19. Förgun	46
20. Mikilvægar upplýsingar	46
21. Viðbótarupplýsingar	47
22. Ábyrgð	48

Tákn í þessum notkunarleiðbeiningum

Eftirfarandi tákn má finna á InPeneða merkingum umbúða. Þessitákn upplýsa þig um rétta og örugga notkun InPen kerfisins.

	Ójónandi geislun
	Kynntu þér notkunarleiðbeiningar
	Varúð
	Notið ekki ef umbúðirnar eru skemmdar
	Hitatakörk
	Rakamörk
	Þrýstingstakmörk
	Haldið þurru
IP22	Vörn gegn ísetningu stórra hluta og drjúpandi vatni
	Notaður hlutur af gerð BF
	Conformité Européenne (evrópskt samræmi). Þetta tákn þýðir að tækið uppfylli að fullu viðeigandi lög Evrópusambandsins.
	Framleiðandi
EC REP	Viðurkenndur fulltrúi í Evrópubandalaginu
	WEEEtilskipun Evrópusambandsins 2012/19/ESB
	Notist fyrir dagsetninguna
	Framleiðsludagsetning
LOT	Lotunúmer
REF	Vörulistanúmer
MD	Lækningatæki

1. Inngangur

Þessarnotkunarleiðbeiningar útskýra hvernig eigi að nota InPen™ og InPen forritið (app). Lestu þær vandlega áður en þú notar InPen.



Þú skalt lesa þessa handbók fyrir notkun - jafnvel þótt þú hafir notað InPen áður. Sé ekki farið eftir leiðbeiningum getur það haft í för með sér of mikla eða of litla insúlínjöf.

Mikilvægt: Ekki deila InPen eða nálum með neinum þar sem sýking eða sjúkdómar geta smitast frá einum einstaklingi til annars.

EKKINOTA InPen ef einhver hluti InPen virðist bilaður eða skemmdur. Hafðu samband við söluaðila með því að pikka á **Settings** (stillingar) úr heimaskjámynd og velja **Help and Support** (hjálp og þjónusta) til að fá nýtt InPen.

Ekki er mælt með að blindir eða sjónskertir noti InPen án aðstoðar frá einstaklingi með fulla sjón sem er þjálfður í notkun þess. Hafðu ávallt tæki til insúlínjafar á þér til vara ef InPen týnist eða skemmist.

InPen forritið er verkfæri til stjórnunar á sykursýki sem hjálpar þér að fylgjast með insúlínskömmtum þínum, reikna insúlínskammtameð réttum blóðsykri og kolvetnum og deila meðferð þinni með heilbrigðisstarfsfólki.

Útreikningar á insúlínskömmtum frá forritinu eru ætlaðir sjúklingum sem eru í meðferð sem felur í sér daglegar inngjafir undir húð (Multiple Daily Injection, MDI). Sýnt hefur verið fram á að skammtareiknivélar geta hjálpað til við hámarksstjórnun blóðsykurshjá MDI sjúklingum með stuðningi heilbrigðisráðgjafa sem hafa reynslu í meðhöndlun sjúklinga sem taka insúlín. Einnig hefur verið sýnt fram á að skammtareiknivélar draga úr ótta sjúklinga við blóðsykurslækkun og auka traust sjúklinga á stjórnun sykursýki.

Skammtareiknivélarvakta einnig virkt insúlín til að draga úr stöflun insúlíns.

Lýsingkerfis

InPenkerfið inniheldur InPen snjallinsúlínþennann og InPen forritið. InPen-kerfið skráir sjálfkrafa stærð og tíma insúlínskammta, veitir áminningar ef insúlín er ekki tekið, inniheldur skammtareiknivél með persónusniðnum stillingum, fylgist með virku insúlíni og er hægt að samþætta við aðra tækni fyrir sykursýki, þar á meðal sívöktun blóðsykurs (Continuous Glucose Monitor, CGM).

Helsta virkni

- Sjáðueinfalda og myndræna framsetningu á sykursýkimeðferðpinni og virku insúlíni.
- Reiknaðuinsúlínskammta með réttum blóðsykri og kolvetnum eða tegund/stærð máltíðar.
- Stílltu áminningar svo þú gleymir ekki að taka insúlín.
- Flyttu blóðsykursgögn sjálfkrafaúr studdum blóðsykursritum (CGM) og blóðsykursmælum (BGM).
- Skoðuðuog deildu samþættum sykursýkimeðferðarskýrslum með heilbrigðisþjónustuaðila þínum.

Aðstoð

- Uppsetningarhjálp í forritinu.
- Tenglar í notendaleiðbeiningar í forritinu.
- Kennslumyndbönd í forritinu.

2. Ábendingar fyrir notkun

InPen er ætlað til notkunar af einum sjúklingi með sykursýki til að sprauta sig sjálfur með æskilegum skammti af insúlíni. Inndælingarpenninn er samhæfur við 3,0 ml insúlínhylki (U-100) og einnota pennanálarsem má losa og fleygja eftir notkun (fylgja ekki með). Inndælingarpenninn gerir notandanum kleift að velja æskileganskammt, stighækkandi í hálfum (1/2) einingum frá 0,5 einingum til 30 eininga.

3. Frábendingar

InPen-kerfið er frábent fyrir sjúklinga sem uppfylla ekki öll skilyrði sem ákvarðast af merkingum lyfsins eða lyfsins sem gefa á.



Mikilvægar upplýsingar fyrir notendur á barnsaldri:

Mælt er með eftirfarandi til að hjálpa ungum sjúklingum og umönnunaraðilum þeirra við stjórnun og umsjón InPenkerfisins. Umönnunaraðilar ættu að ráðfæra sig við heilbrigðisþjónustuaðila til að skeraúr um hvort ungi sjúklingurinn hæfi meðferð með InPen-kerfinu.

Leyfið ekki ungum börnum að naga eða innbyrða hluta, eins og hettu pennansog íhluti hylkis. Smáirhlutir geta valdið köfnunarhættu. Efinnbyrtir eða gleptir geta þessirhlutir valdið innvortismeislum eða sýkingu.

Snjalltækið ætti alltaf að vera undir stjórn umönnunaraðila sjúklinga sem sjá ekki sjálfir um meðhöndlun sjúkdóms

síns. Efýtt er óviljandi á hnappa getur það leitt til óviljandi skammtaskráningareða breytinga á meðferðarstillingum. Þessar breytingar geta mögulega leitt til atvika vegna blóðsykurslækkunar eða blóðsykurshækkunar sem gætu valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða.

4. Studd tæki

Þessavöru ætti aðeins að nota með studdum farsímum. Sjáðu vefsvæði Medtronic eða hafðu samband við stuðningsfulltrúa til að fá upplýsingar um studd tæki og stýrikerfi.

Forritið þarf reglulega að staðfesta að það sé samhæft við snjalltækið þitt og stýrikerfisútgáfuna. Þú gætir séð kerfisskilaboð með leiðbeiningum eða viðvörðunum. Gakktu úr skugga um að þú sért með nettengingu (tryggðu að Wi-Fi eða farsímagögn séu virkjuð) hvenær sem mögulegt er.



Varúð: Þú verður fyrst að para InPen við snjalltæki og InPen-forritið. Þetta tryggir að skammtar úr þínum InPen séu sendir þráðlaust til forritsins á snjalltækinu þínu.



Viðvörðun: Bluetooth®eiginleikinn á InPen sendir skammtaupplýsingar til snjalltækisins. Til að hindra að skammtar annarsfólks séu sendir til snjalltækisins skaltu ekki láta neinn annan nota þinn InPen fyrir insúlíngjöf. InPen er til notkunar fyrir einn sjúkling einungis.



Afköst Bluetooth®eru mismunandi vegna mismunar í vélbúnaði síma og stýrikerfum. Ekki er ráðlagt að nota InPen forritið á uppbrotnum eða rótuðum tækjum.



Snjalltækið þitt verður að hafa nægilega mikið minni, annarser hvorki hægt að setja InPen forritið upp né skrá skammta. Þú gætir þurft að eyða skrám eða forritum úr snjalltækinu þínu.

5. Hafist handa

Eftirfarandi skref hjálpa þér við að hefja notkun á InPen forritinu:

1. Sæktu InPen forritið úr App Store eða Google Play Store og settu það upp á snjalltækinu þínu.
2. Opnaðu forritið.
3. Skráðu þig inn í forritið með núverandi notandareikningi eða stofnaðu nýjan.
4. Fylgdu skrefunum í uppsetningarhjálpinni eftir að þú hefur skráð þig inn í forritinu.

5.1 Um þig

1. Taktu smátímatil að segja okkur frá þér.

5.2 Uppsetning meðferðar

Áður en hægt er að nota forritið þarftu að fá skammtareiknivél og stillingar fyrir langvirkt insúlín frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum. Ráðfærðu þig við heilbrigðisþjónustuaðila þinn varðandi allar insúlínmeðferðarstillingar.

Eftir þú ert ekki með meðferðarstillingar þínar getur þú sleppt þessum hluta hjálparinnar og lokið honum síðar. Skammtareiknivélin verður læst þar til þessar stillingar hafa verið settar inn.



MIKILVÆGT: Til að nota skammtareiknivélina á öruggan hátt er mjög mikilvægt að meðferðarstillingarnar séu réttar. Ekki halda áfram fyrr en þú hefur talað við heilbrigðisþjónustuaðilann.


Það eru þrjár mismunandi leiðir við að reikna insúlínskammta með InPenforritinu. Heilbrigðisþjónustuaðili þinn hefur veitt þér eitt af eftirfarandi:

- Fixed Dosing (föst skömmtun)
- Máltíðaráætlun
- Kolvetnatalning

Eftir að þú hefur fengið stillingar fyrir skammtareiknivélina, pikkarðu á hverja línu til að stilla rétt gildi. Eftir að þú hefur valið rétt gildi pikkarðu á grænagátmerkið til að vista og rauða X-ið til að hætta við.

Til að breyta stillingu fyrir máltíðarmeðferð:

1. Farðu í Therapy Settings (meðferðarstillingar) og haltu svo áfram eftir að þú hefur lesið fyrirvara um ábyrgð
2. Pikkaðu á **Meal Therapy** (máltíðarmeðferð) og veldu svonýja stillingu fyrir máltíðarmeðferð frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum.
3. Pikkaðu á hverja línu til að stilla gildið sem hæfir stillingum þínum frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum.



8:38

Meal Therapy

Please select the meal therapy as provided by your health care provider.

- Carb Counting**
Insulin doses are based on the amount of carbohydrates in the food you eat.
- Meal Estimation**
Insulin doses are based on meal size (Low Carb, Medium Carb, High Carb).
- Fixed Dose**
Insulin doses are kept fixed and do not change.

[Next](#)

[I don't have my settings](#)



MIKILVÆGT: Áður en Meal Therapy Mode (stilling fyrir máltíðarmeðferð) er breytt þarftu að fá núverandi stillingar fyrir máltíðarmeðferð frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum. Fyrri stillingar fyrir máltíðarmeðferð geta glatast þegar skipt er í nýja stillingu fyrir máltíðarmeðferð.

1. Föstskammtastilling - Uppsetning

Það verður að stilla eftirfarandi stillingar áður en hægt er að hefja fasta skömmtun:

Maximum Calculated Dose (reiknaður hámarksskammtur) - Sá reiknaði hámarksskammtur sem heilbrigðisþjónustuaðili þinn telur vera öruggan fyrir þig. Efráðleggingar um stakan skammt eða heild nýlegra skammta að viðbættum ráðlögðum skömmtum fer yfir stillingar fyrir reiknaðan hámarksskammt kemur upp viðvörðun. Sjáðu leiðbeiningar frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum.

Duration of Insulin Action (tímalengd insúlínvirkni) - Þetta er sá tími sem insúlín er á virkan hátt að lækkablóðsykur þinn. Hann er notaður til að reikna virkt insúlín.

Target Blood Glucose(markgildi blóðsykurs) - Þetta er það blóðsykursgildi sem þú ert að reyna að ná. Þegar blóðsykursgildi er sett inn í skammtareiknivélina mælir hún með insúlíni eðakolvetnum til að ná aftur þessum markgildi.

Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) - Þetta táknar hve mikið blóðsykurinn lækkar með einni einingu af insúlíni.

Time of Day Settings(stillingar fyrir tíma dags)- Þetta er sjálfkrafa afvirkjað og Target Blood Glucose(markgildi blóðsykurs) og Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) eru stöðug yfir daginn. Með því að renna rofanum til hægri getur þú stillt þessigildi á fjögur mismunandi gildi yfir daginn. Renndurofanum aftur til vinstri til að slökkva á þessarivirkni.

Á hverjum degi á þeim tíma semvalinn er verða gildin í dálknum virk þar til tímanum í næstadálki er náð. Pikkaðu á tímarnum til að stilla hann. Taktu eftir því að tímarnir verða að vera í réttari röð og mega ekki skarast.

Það er sjálfkrafa slökkt á stillingunum Time of Day(tími dags). Sjáðu *Advanced App Features*(ítarlegar forritsstillingar) til að fá leiðbeiningar.

Fixed Dose Settings(fastar skammtastillingar) - Þetta er sú skammtastærð sem heilbrigðisþjónustuaðili þinn hefur ákveðið fyrir mismunandi máltíðir dagsins.

Hvernig á að nota

- Í stillingu fyrir fasta skammta kemur skammtareiknivélin upp með ráðlagðan fastan skammt af insúlíni á matmálstímum.
- Eftir að þú hefur valið máltíð getur þú slegið inn núverandi blóðsykur til að fá ráðleggingu um skammt semfelur í sér leiðréttingu á blóðsykri ef með þarf.
- Þegar blóðsykursmælir er tengdur kann blóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni í gegnum Apple Health. Þegar hún er tengd við blóðsykurssíríta sem veitir nemablóðsykursmælingar sem hægt er að nota fyrir meðferðarákvarðanir kann nemablóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni þegar það er virkjað í gegnum InPen forritið. Aðeins blóðsykursgildi sem eru minna en 10 mínútna gömul verða forútfyllt.
- Eftir að pikkað er á **Save**(vista) birtist ráðlagður skammtur efst í heimaskjámyndinni.
- Þú getur pikkað á **Cancel**(hætta við) til að fara til baka án þess að vista færsluna.

Sjáðu *Kafla 6.2 Insúlínskammturreiknaður* til að fá að vita meira um þærtegundir ráðlegginga sem þú getur fengið.

2. Stilling fyrir máltíðaráætlun - uppsetning

Þaðverður að stilla eftirfarandi stillingar áður en hægt er að hefja skömmtun fyrir máltíðaráætlun:

Maximum Calculated Dose (reiknaður hámarksskammtur) -

Sáreiknaði hámarksskammtur sem heilbrigðisþjónustuaðili þinn telur vera öruggan fyrir þig. Efráðleggingar um stakan skammt eða heild nýlegra skammta að viðbættum ráðlögðum skömmtum fer yfir stillingar fyrir reiknaðan hámarksskammtkemur upp viðvörðun. Sjáðuleiðbeiningar frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum.

Duration of Insulin Action (tímalengd insúlínvirkni) - Þetta er sátími sem insúlín er á virkan hátt að lækka blóðsykur þinn. Hann er notaður til að reikna virkt insúlín.

Target Blood Glucose (markgildi blóðsykurs) - Þetta er það blóðsykursgildi sem þú ert að reyna að ná. Þegar blóðsykursgildi er sett inn í skammtareiknivélina mælir hún með insúlíni eðakolvetnum til að ná aftur þessu markgildi.

Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) - Þetta táknar hve mikið blóðsykurinn lækkar með einni einingu af insúlíni.

Meal Estimation (máltíðaráætlun) - Renndurofanum til hægri til að velja skammtastærð fyrir lágkolvetna-, miðlungskolvetna- og hákolvetnamáltíðir og snarl. Á hverjum degi á matmálstíma spyr InPen forritið hvaða stærð af máltíð þú ert að borða og mælir með réttum skammti. Þikkaðu á stærð máltíðar til að breyta henni.

Time of Day Settings (stillingar fyrir tíma dags) - Þetta er sjálfkrafa afvirkjað og Target Blood Glucose (markgildi blóðsykurs) og Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) eru stöðug yfir daginn. Með því að renna rofanum til hægri getur þú stillt þessigildi á fjögur mismunandi gildi yfir daginn. Renndurofanum aftur til vinstri til að slökkva á þessarivirkni. Á hverjum degi á þeim tíma sem valinn er verða gildin í dálknum virk þar til tímanum í næstadáلكi er náð. Þikkaðu á tímarnir til að stilla hann. Taktu eftir því að tímarnir verða að vera í réttri röð og mega ekki skarast.

Þaðer sjálfkrafa slökkt á stillingunum Time of Day (tími dags). Sjáðu *Advanced App Features* (ítarlegar forritsstilingar) til að fá leiðbeiningar.

Hvernig á að nota

- Í stillingu fyrir máltíðaráætlun kemur skammtareiknivélin upp með ráðlagt insúlín á grundvelli stærðarmáltíðar á matmálstímum.

- Eftir að þú hefur valið stærð máltíðar getur þú slegið inn núverandi blóðsykur til að fá ráðleggingu um skammt sem felur í sérleiðréttingu á blóðsykri ef með þarf.
- Þegar blóðsykursmælir er tengdur kann blóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni í gegnum Apple Health. Þegarhún er tengd við blóðsykurssíríta sem veitir nemablóðsykursmælingar sem hægt er að nota fyrir meðferðarákvarðanir kann nemablóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni þegar það er virkjað í gegnum InPenforritið. Aðeinsblóðsykursgildi sem eru minna en 10 mínútna gömul verða forútfyllt.
- Eftir að pikkað er á **Save** (vista) birtist endurskoðaður ráðlagður skammtur efst í heimaskjámyndinni.
- Þú getur pikkað á **Cancel** (hætta við) til að fara til baka án þess að vista færsluna.

Sjáðu *Kafla 6.2 Insúlínskammturreiknaður* til að fá að vita meira um þærtegundir ráðlegginga sem þú getur fengið.

3. Stilling fyrir kolvetnatalningu - uppsetning

Þaðverður að stilla eftirfarandi stillingar áður en hægt er að hefja skömmun fyrir kolvetnatalningu:

Maximum Calculated Dose (reiknaður hámarksskammtur) - Sáreiknaði hámarksskammtur sem heilbrigðisþjónustuaðili þinn telur vera öruggan fyrir þig. Efráðleggingar um stakan skammt eða heild nýlegra skammta að viðbættum ráðlögðum skömmum fer yfir stillingar fyrir reiknaðan hámarksskammtkemur upp viðvörun. Sjáðuleiðbeiningar frá heilbrigðisþjónustuaðila þínum.

Duration of Insulin Action (tímalengd insúlínvirkni) - Þetta er sátími sem insúlín er á virkan hátt að lækkablóðsykur þinn. Hann er notaður til að reikna virkt insúlín.

Time of Day Settings (stillingar fyrir tíma dags) - Þetta er sjálfkrafa afvirkjað og Target Blood Glucose (markgildi blóðsykurs), Insulin to carb Ratio (hlutfall insúlínsá móti kolvetnum) og Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) eru stöðug yfir daginn. Með því að renna rofanum til hægri getur þú stillt þessar færðibreytur á fjögur mismunandi gildi yfir daginn. Renndurofanum aftur til vinstri til að slökkva á þessari virkni.

Time of Day (tími dags) (ef tími dagser virkjaður) - Þegar þetta er virkjað gefa þessigildi til kynna upphafstíma fyrir hvert nýtt færðibreytusafn. Á hverjum degi á þeim tíma sem valinn er verða færðibreyturnar í dálknum undir honum virkar þar til tímanum í næstadálki er náð. Pikkaðu á tímarn til að stilla hann. Taktu eftir því að tímarnir verða að vera í rétttri röð og mega ekki skarast.

Target Blood Glucose(markgildi blóðsykurs) - Þetta er það blóðsykursgildi sem þú ert að reyna að ná. Þegar blóðsykursgildi er sett inn í skammtareiknivélina mælir hún með insúlíni eðakolvetnum til að ná aftur þessum markgildi.

Insulin Sensitivity Factor (stuðull insúlínnæmis) - Þetta táknar hve mikið blóðsykurinn lækkar með einni einingu af insúlíni.

Insulin to Carb Ratio (hlutfall insúlínsá móti kolvetnum) - Þetta er grammafjöldi kolvetna sem 1 eining af insúlíni nær yfir.

Hvernig á að nota

- Í stillingu fyrir kolvetnatalningu kemur skammtareiknivélin upp með ráðlagt insúlín samkvæmt kolvetnatalningu eftir að þú hefur slegið inn núverandi blóðsykur eða kolvetni (carbs) eingöngu, eða bæði.
- Færðuinn núverandi blóðsykur og/eða grammafjöldi kolvetna sem þú ert að borða eða ætlar að borða og pikkaðu á **Save** (vista).
- Þegar blóðsykursmælir er tengdur kann blóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni í gegnum Apple Health. Þegar hún er tengd við blóðsykurssíríta sem veitir nemablóðsykursmælingar sem hægt er að nota fyrir meðferðarákvarðanir kann nemablóðsykursmæling að vera forútfyllt í skammtareiknivélinni þegar það er virkjað í gegnum InPen forritið. Aðeins blóðsykursgildi sem eru minna en 10 mínútna gömul verða forútfyllt.
- Eftir að pikkað er á **Save** (vista) birtist endurskoðaður ráðlagður skammtur efst í heimaskjámyndinni.
- Þú getur pikkað á **Cancel** (hætta við) til að fara til baka án þess að vista færsluna.

Sjáðu *Kafla 6.2 Insúlín skammturreiknaður* til að fá að vita meira um þærtegundir ráðlegginga sem þú getur fengið.

Þegar þú hefur fært inn öll gildi og farið vandlega yfir hvort þau eru rétt pikkarðu á **Next** (næsta).

4. Langvirkt insúlín

Forritið minnir þig á að taka langvirka insúlínið þitt. Eftir þú skráir Long-acting (langvirkan) skammt áður tími áminningar rennur upp mun forritið ekki minna þig á það. Ef enginn langvirkur skammtur var skráður mun forritið minna þig á það.

Eftir að þú hefur fengið stillingar fyrir langvirkt insúlín pikkarðu á hverja línu til að stilla rétt gildi. Eftir að þú hefur valið rétt gildi pikkarðu á grænagátmerkið til að vista og rauða X-ið til að hætta við.

Gildin sem verður að stilla eru:

Insulin Type (tegund insúlíns) - Þetta er sú tegund langvirks insúlíns sem þú tekur.

Dosesper Day (skammtar á dag) - Þetta er sá fjöldi skammta sem þú tekur á dag.

Usual Amount (venjulegt magn) - Þetta er sá skammtur sem heilbrigðisþjónustuaðili þinn hefur mælt fyrir um.

Time (tími) - Þetta er sá tími dags sem þú átt að taka skammtinn þinn.

Þegar þú hefur fært inn öll gildi og farið vandlega yfir hvort þau eru rétt þikkarðu á **Next** (næsta).

5.3 Þín áætlun

Forritið minnir þig einnig á að taka insúlínið þitt á matmálastímum og grípa til ákveðinna aðgerða fyrir háttatíma.

Uppsetningarhjálpin biður þig um að færa inn hvenær þú borðar morgunmat, hádegismat og kvöldmat **fyrstog síðast**. Taktu tillit til þessað yfir vikuna geta tímar riðlast vegna þessað þú þarft að fara í vinnu eða skóla, einnig geta helgarnar verið öðruvísi.

5.4 Háttatími

Næstspyr uppsetningarhjálpin þig hvenær þú ferð yfirleitt í rúmið.

InPen minnir þig á að athuga blóðsykurinn við háttatíma og mælir með viðbótarinsúlíni eða kolvetnum ef þess þarf til að hjálpa til við stjórnun á blóðsykrinum.

5.5 Tengja InPen



MIKILVÆGT: Til að tryggja örugga tengingu skaltu para InPen og snjalltækið á öruggu svæði þar sem fá Bluetooth® tæki eru nálægt.



VARÚÐ: Passaðu að þú vitir hvaða InPen þú ert að para við snjalltækið þitt.



MIKILVÆGT: Mælt er með að að nota öryggiskóða á farsímanum.

1. Settu tækin innan við ~1 metra (3 fet) frá hvort öðru áður en þú byrjar.
2. Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth® snjalltækinu þínu.
3. Fylgdu leiðbeiningunum í forritinu til að para InPen.
4. InPen forritið sýnir að þörun hafi tekist þegar InPen og snjalltækið þitt hafa parast.
5. Fylgdu leiðbeiningunum til að gefa InPen nafn.

6. Lestu mikilvægar athugasemdir varðandi meðferðarákvarðanir.

5.6 Setja upp insúlínhylki

Fylgdu leiðbeiningunum í forritinu til að fá yfirlit yfir hvernig á að setja upp insúlínhylki. **Sjáðukafla 11** til að fá ítarlegri leiðbeiningar.

5.7 Insúlínskammturtekinn

Fylgdu leiðbeiningunum í forritinu til að fá yfirlit yfir hvernig á að taka insúlínskammt. **Sjáðukafla 12 LofttæmingInPen (fyrir hverja inndælingu)** til að fá ítarlegri leiðbeiningar.

5.8 InPen-þjónusta

Hægt er að fá aðstoð og þjónustu í gegnum símaeða tölvupóst hvenær sem er í gegnum **Settings > Help and Support** (stillingar > aðstoð og þjónusta). Skoðuðu úrræðaleitarkaflann til að fá útskýringar á villuskilaboðum forritsins og lista yfir önnur algeng vandamál og lausnir.

5.9 Tengja blóðsykurssíríta (CGM)

1. Pikkaðu á **Settings** (stillingar) og pikkaðu svo á **Connections** (tengingar).
2. Pikkaðu á **Medtronic**.
3. Fylgdu leiðbeiningunum til að skrá þig inn í CGM-kerfið.

5.10 Leiðsögn

Pikkaðu á leiðsögnina til að fá yfirlit yfir virkni forritsins. Þú getur skoðað leiðsögnina og þessarnotendaleiðbeiningar hvenær sem er í gegnum **Settings > Help and Support > Tutorial** (stillingar > aðstoð og þjónusta > leiðsögn).

5.11 Mikilvægar upplýsingar um uppsetningu snjalltækis



MIKILVÆGT: Snjalltækið þitt verður að vera rétt uppsett til að það starfi rétt og á öruggan hátt með InPen kerfinu. Innri stillingar tækisins hnekkja öllum stillingum InPen forritsins. Ef stillingarnar á tækinu þínu eru rangar starfar InPen kerfið mögulega ekki rétt.



MIKILVÆGT: Kveiktu á öryggisvirkni snjalltækisins til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að gögnum þínum og stillingum.

Til að tryggja öryggi skaltu nota vírusvarnar-/ spilliforritavarnarhugbúnað á snjalltækinu.

Til að fá neyðarboð eða viðvaranir verður þú:


- Að ganga úr skugga um að kveikt sé á tilkynningunum í stillingavalmynd
- Að ganga úr skugga um að ekki hafi verið slökkt á forritinu á snjalltæki þínu
- Að gæta þessa að kveikja á Bluetooth® á snjalltækinu
- Að slökkva á virkninni Do Not Disturb (ekki trufla) á snjalltækinu (ef hún er tiltæk)
- Að ræsa forritið eftir að snjalltækið hefur verið endurræst
- Að stilla hljóðstyrkinn á snjalltækinu þannig að þú heyrir í því
- Að drepa ekki á eða þvinga lokun á forritinu; keyrðu forritið alltaf í bakgrunni
- Að taka heyrnartól úr sambandi þegar þú ert ekki að nota þau, þú heyrir ekki í neyðarboðum og viðvörðunum frá forritinu í gegnum hátalara snjalltækisins ef heyrnartólin eru í sambandi

Titringur frá InPen neyðarboðum og viðvörðunum er ekki frábrugðinn öðrum titringi frá öðrum forritum í snjalltækinu. Lækningatækjaforrit, eins og InPen forritið, hafa engan sérstakan forgang umfram aðra virkni snjalltækisins. Þú veist ekki hvort titringur sé tilkynning frá InPen forritinu eða öðru forriti. Einaleiðin til vita það er að líta á skjá tækisins.

Athugaðu dagsetninguna og tímann á snjalltækinu oft til að vera viss um að hvort tveggja sérétt. Athugaðu dagsetninguna og tímann í tækinu þegar þú ferðast milli tímabelta. Hafðu kveikt á „Set Automatically“ (stillu sjálfkrafa) og láttu snjalltækið stjórna dagsetningu og tíma. Sjáðu notendahandbókina fyrir tækið þitt til að fá leiðbeiningar um hvernig á að stilla dagsetningu og tíma á tækinu.

InPen er þekkt fyrir að veralaust við spilliforrit.

6. Notkun á InPen forritinu



Tilkynningat ákn:


- Hitastig insúlíns
- Aldur insúlíns
- Lág hleðsla rafhlöðu InPen
- Áminning fyrir skjótvirkt
- Áminning fyrir langvirkt
- Viðvörðun

*Gögn birtast mögulega ekki eða tefjast í ákveðnum tilvikum, meðal annarsþegar það er engin nettenging. Staðfestu blóðsykur með blóðsýni úr fingri áður en þú gerir breytingar ásykursýkimeðferðinni.

6.1 Yfirlit yfir nýlegan blóðsykur og notkun insúlíns


Heimaskjámyndinsýnir yfirlit yfir nýjasta blóðsykurinn og notkun insúlíns.

Current Glucose (núverandi blóðsykur) sýnir síðasta blóðsykurinn sem þú færðir inn eðamældir með tengdum blóðsykursmæli eða studdum blóðsykurssíríta. Ef blóðsykursmæling er meira en 10 mínútna gömul sýnir gildið „---“ og þú þaft að gera aðra blóðsykursmælingu.



Active Insulin (virkt insúlín) er áætlun á insúlíni úr nýjustu skömmtunum sem enn er verið að nota í líkamanum. Það byggist á nýjustu skömmtunum sem þú tókst og TherapySettings (meðferðarstillingar). Eft þú tekur 5 eininga skammt munu í fyrstu vera 5 fullar einingar í líkama þínum. Á nokkrum klukkustundum minnkar þetta eftir því sem líkaminn notar það og virkt insúlín nær 0,0 einingum þar til meira insúlín er tekið.

ATHUGAÐU: Langvirkt insúlín telst ekki vera hluti af virku insúlíni. Virkt insúlín á aðeinsvið um skjótvirkt eða máltíðarinsúlín.



Daily Timeline (dagleg tímalína) er myndræn framsetning á blóðsykri, kolvetnum, máltíðum og insúlínskömmtum á síðustu 24 klukkustundum. Nýjasti blóðsykurinn, kolvetni/

máltíðir og insúlínskammtar birtast efst í tímalínunni og færast niður hana þegar nýjar dagbókarfærslur eru vistaðar. Aðeins blóðsykursmæligildi og blóðsykursgildi sem eru slegin inn og vistuð í Dose Calculator (skammtareiknivél) birtast á tímalínunni.

Leitnigrafið sýnir blóðsykur þinn yfir tíma frá blóðsykurssírta eða blóðsykursmæli. Blóðsykursgögn úr blóðsykursmæli birtast sem einstakir punktar. Blóðsykursgögn úr blóðsykurssírta birtast sem röð punkta sem eru þétt saman. Nýjasti blóðsykurinn birtist sem holur hringur. Með því að pikka á leitnigrafið getur þú víxlað milli 3, 6, 12 og 24 klukkustunda sýnar.

6.2 Insúlínskammtur reiknaður



MIKILVÆGT: Það verður að stilla Therapy Settings (meðferðarstillingar) rétt áður en skammtareiknivél er notuð. Ekki nota skammtareiknivél ef þú hefur giskað á stillingar eða telur að þær séu ranglega stilltar.



MIKILVÆGT: Það verður að færa allt insúlín inn sem þú hefur nýlega tekið til að tryggja að Active Insulin (virkt insúlín) sé rétt. Ef þú hefur tekið eitthvert skjótvirkt insúlín eða máltíðarinsúlín úr tæki öðru en InPen verður að skrá það handvirkt.



MIKILVÆGT: Ef þú skráir ekki núverandi blóðsykursgildi er virkt insúlín ekki dregið frá ráðlögðum skammti.



VIÐVÖRUN: Ef skammtareiknivél er notuð með röngum meðferðarstillingum eða án þessað allt nýlegt insúlín sé skráð getur það orsakað óöruggar ráðleggingar, sem geta leitt til alvarlegrar blóðsykurshækkunar, blóðsykurslækkunar eða líkamstjóns.





VIÐVÖRUN: Ef InPen er utan sendisviðs snjalltækisins er skammtareiknivél mögulega ekki með allt nýlegt insúlín skráð og það getur orsakað óöruggar ráðleggingar, sem geta leitt til alvarlegrar blóðsykurshækkunar, blóðsykurslækkunar eða líkamstjóns.

Til að nota skammtareiknivél pikkarðu á táknið fyrir Dose Calculator á heimaskjámyndinni.

Skammtareiknivél mun aðeins gefa ráðleggingar um insúlín þegar þú hefur fært gildin inn. Þú getur fært inn núverandi blóðsykur eða kolvetni/máltíð eingöngu, eða hvort tveggja.

Færðu inn upplýsingar um núverandi blóðsykur og/eða kolvetni/máltíð fyrir máltíðina sem þú ert að borða eða ætlar að borða og pikkaðu á **Save** (vista). Tengdir blóðsykursmælgæta forfylt sig út sjálfir í gegnum Apple Health. Þú getur pikkað á **Cancel** (hætta við) til að fara til baka án þessa að vista færsluna.


Þegar þú hefur fært inn núverandi blóðsykur og/eða upplýsingar um kolvetni/máltíðir gætir þú séð eina af eftirfarandi ráðleggingum:



Unitsof Insulin (insúlíneiningar) - Þetta er ráðlagður fjöldi insúlíneininga sem á að taka núna, á grundvelli núverandi virks insúlíns og núverandi blóðsykurs og kolvetna/máltíða sem hafa verið færð inn. Þú getur gefið skammtinn með InPen og það verður skráð sjálfkrafa.



ATHUGAÐU: Lofttæmdu InPen aðeinseftir að þú hefur reiknað skammtinn þinn.



Gramsof Carbs (kolvetnagrömm) - Þetta eru viðbótar kolvetnagrömm sem á að borða núna til að forðast lágan blóðsykur í nánustu framtíð, á grundvelli núverandi virks insúlíns, blóðsykurs og kolvetna/máltíða sem hafa verið færð inn.



Recommendation

0 U



0 Units(0 einingar) - Á grundvelli núverandi virksinsúlíns, blóðsykursog kolvetna/málfíða sem hafa verið færð inn er ekki mælt með neinum mat eða insúlíni til viðbótar einsog er.



Recommendation

Eat fast-acting carbs

Eat fast-acting carbohydratesto treat your low blood glucose(borðaðu skjótvirk kolvetni til að meðhöndla lágan blóðsykur þinn) - Þessiskilaboð birtast ef þú færir inn lágt blóðsykursgildi, óháð því virka insúlíni eða kolvetni/málfíð sem eru færð inn. Efblóðsykur þinn er lágur er mikilvægt að þú borðir skjótvirk kolvetni.

Til að skoða upplýsingar um skammtaráðleggingar insúlíns getur þú pikkað á örina á ráðleggingaborðanum efst á skjánum til að sjá tölurnar sem notaðar eru í útreikningunum.

CARB DOSE CALCULATION	
Carb Dose	+2.00 U
Carb Dose = (Carbohydrates / Insulin to Carb Ratio)	
CORRECTION DOSE CALCULATION	
Correction	+0.36 U
Active Insulin Adjustment	-0.00 U
Correction Dose	+0.36 U
Correction Dose = (Current BG - Target BG) / Insulin Sensitivity Factor - Active Insulin	
Total (Carb + Correction)	2.36 U
Recommended Dose	2.0 U
Total Dose = Carb Dose + Correction Dose	
The recommended dose is rounded down to the nearest half unit.	

Pikkaðu á svörtu örina til að fara til baka og vista skammtinn þinn. Athugaðu að skammtaráðleggingar eru *rúnnaðar niður* að næstu hálfu einingu.



MIKILVÆGT:Reiknaður skammtur er tillaga. Þú ákveður hvort þú ferð eftir tillögunni eða treystir á eigin dómgreind. Skammtareiknivélin getur ekki tekið aðra þætti með í reikninginn, einsog virkni, veikindi, áfengisneyslu o.s.frv.

6.3 Fjölhluta skammtar

InPen getur gefið mest 30 einingar í hverri inndælingu. Þegar skammtar eru stærri en 30 einingar verður að skipta þeim

í marga skammta. Ef skammti er af einhverjum ástæðum skipt í marga skammta verður hver gefinn skammtur skráður sérstaklega. Taktu alltaf stærri skammtinn fyrst til að tryggja að fylgst sé réttilega með insúlíninu.

Ef þú gleymir hversu mikið insúlín var ráðlagt getur þú notað skammtareiknivélina aftur til að reikna hversu stóran skammt vantar til viðbótar.


Þegar þú ert búin(n) að nota reiknivélina getur þú pikkað á **Cancel** (hætta við) til að fara aftur í heimaskjámyndina eða **Save** (vista) til að vista það sem þú hefur fært inn sjálfkrafa í dagbókina.

6.4 Skoðaupplýsingar í dagbókinni

Til að skoða upplýsingar um nýlega skammta og útreikninga pikkarðu á **Logbook** (dagbók) úr heimaskjámyndinni.

Hér sérð þú nýlega virkni þína. Þú getur skrunað upp og niður til að sjá upplýsingar um mismunandi daga. Hvert blóðsykursgildi/málfíðartegund og/eða stærð, kolvetnagildi, skammtaútreikningur, lofttæmingarskammtur, skjótvirkur insúlínskammtur, langvirkur insúlínskammtur og skipting hylkis er tilgreint með þeim tíma sem viðkomandi átti sér stað.

Allir skammtar úr InPen verða útlistaðir hér, ásamt öllum skömmtum skjótvirkseða langvirks insúlíns sem þú hefur skráð handvirkt.



Hægt er að eyða handvirkt skráðum skjótvirkum og langvirkum skömmtum úr dagbókinni með því að pikka á skammtinn.

Ef insúlínhylkið er ekki með nægilegu insúlíni til að ljúka skammtinum verður skammturinn sem var gefinn skráður. Eftir að skipt hefur verið um hylkið skal gefa þann skammt sem eftir er og hann verður skráðureinnig. Ef þú gleymir hversu mikið insúlín var í hylkinu getur þú notað skammtareiknivélina aftur til að skera úr um hversu stóran skammt vantar til viðbótar.

InPen ákvarðar sjálfkrafa hvort skammtur var til meðferðar (gefinn undir húð) eða til lofttæmingar (hreinsunloftsúr nálinni


fyrir skammt). Þaðmun einnig sjálfkrafa greina þegar þú setur nýtt hylki í.

6.5 Að útnefna skammt eða lofttæmingu ef með þarf



MIKILVÆGT: Meðferðarskammtar og lofttæmingarskammtar verða að vera rétt skilgreindir, þar sem aðeins meðferðarskammtar eru innifaldir í virku insúlíni og notaðir af skammtareiknivél.

InPen ákvarðar sjálfkrafa hvort skammtur var tæmingar- eða meðferðarskammtur. Ef þú þarft að breyta hvort skammtur var meðferðarskammtur eða tæmingarskammtur þú getur valið milli Dose (skammtur) eða Prime (tæming) og þú velur rétta skammtategund.



6.6 Handvirk skráning skjótvirksinsúlíns



VIÐVÖRUN: Skráðu allt insúlín af öllum uppruna í dagbókina. Skammtareiknivélintekur ekki tillit til handvirkar inndælingar sem þú skráir ekki og gæti ráðlagt meira insúlín en þarf. Of mikið insúlín getur valdið blóðsykurslækkun.



MIKILVÆGT: Stilla verður farsímann á núverandi tíma til að tryggja að handvirkir skammtarséu skráðir rétt og virkt insúlín sérétt hjá þér. Rangar tímastillingar geta leitt til óöruggra tillagna, sem geta leitt til alvarlegrar blóðsykurshækkunar, blóðsykurslækkunar eða líkamstjóns.

Efskammtareiknivél á að starfa örugglega og áreiðanlega er mikilvægt að allt skjótvirkt insúlín sé skráð. Ef þú tekur skjótvirkt insúlín úr öðrum gjafa en InPen verður að skrá það handvirkt. Skammtar sem teknir eru með InPen eru skráðir sjálfkrafa.

Pikkaðu á **Log Dose** (skráskammt) í dagbókinni til að færa skammt inn handvirkt. Þú getur skráð skjótvirkt insúlín eða langvirkt insúlín.

Til að færa inn einingar skjótvirks insúlíns sem hafa verið teknar pikkarðu á **Dose Amount** (stærð skammts) og færir inn fjölda eininga sem teknar voru frá öðrum gjafa en InPen.

Til að færa inn tíma skammts pikkarðu á **Dose Time** (tími skammts) og færir inn tímunn þegar skammturinn var tekinn. Tímunn er sjálfkrafa stilltur á núverandi tíma, en hægt er að breyta honum á hvaða tíma sem er innan síðustu 24 klukkustunda til að skrá skammt sem þú hefur áður tekið.

Ef þú hefur ferðast yfir tímabelti skaltu stilla og slá inn tíma skammtseinsog hann væri tekinn í þínu núverandi tímabelti.

Þegar þú hefur slegið inn réttan skammt pikkarðu á **Save** (vista) til að vista hann og fara aftur í heimaskjámyndina.

Viljir þú hætta án þessað vista skammt pikkarðu á **Cancel** (hætta við).

7. Ítarlegar forritsstillingar

7.1 Áminningar

Áminningin **CheckBG2hrs after dose** (athuga blóðsykur 2 klst. eftir skammtaáminningu) hjálpar þér að muna eftir að athuga blóðsykurinn eftir hvern skammt fljótvirksinsúlíns.

Þegar hún er virkjuð gerir hún þér viðvart 2 klukkustundum eftir að skjótvirkur insúlínskammtur er tekinn með InPen eða skráður handvirkt. Renndu rofanum til að kveikja og slökkva á áminningunni.

Áminningin **Replace Cartridge after 28 days** (skipta um hylki eftir 28 daga) hjálpar þér að muna eftir að skipta um insúlín. Þegar hún er virkjuð gerir hún þér viðvart 28 dögum eftir að skipt er um hylki í InPen. Renndu rofanum til að kveikja og slökkva á áminningunni.

7.2 Innsýnarskýrslur frá InPen



MIKILVÆGT: Innsýnarskýrslum frá InPen er ætlað að bæta við, ekki koma í staðinn fyrir, sérfræðipækkingu í sjálfsgjöf insúlínstil meðferðar á sykursýki. Skýrslan gefur upplýsingar sem hægt er að nota til að sjá tilhneigingu til upplýsingar fyrir meðferðarákvarðanir. Skýrslumer ekki ætlað að veita læknisfræðilegaráðgjöf og ekki ætti að treysta á þær í slíkum tilgangi.

Viljir þú fá meðferðarsamantekt til að skoða sjálf(ur) eða til að deila með heilbrigðisþjónustuaðila þikkarðu á **Reports** (skýrslur) úr heimaskjámýndinni.

Þú getur valið 7, 14, 30 eða 90 daga tímabil með því að smella á táknið fyrir skýrslustillingar efst í vinstra horni skýrsluflípans. Skýrslannær til loka dagsins á undan, þannig að virkni dagsins í dag er ekki innifalín í henni.

Pikkaðu á deilingartáknið til að senda þessaskýrslu á sjálfa(n) þig eða heilbrigðisþjónustuaðila. Veldu svo annaðhvort **Email / Print / Share** (tölvupóstur / prenta / deila) og veldu úr tiltækum valmöguleikum til að senda PDF-skýrsluna.


Til viðbótar við núverandi meðferðarstillingar þínar er innihald skýrslunnar meðal annars:

Daglegur

heildarskammtur -

Meðalmagn heildarinsúlíns sem er tekið (skjótvirkt og langvirkt) á dag og hlutfall hvorrar tegundar sem tekin er á dag. Þetta útilokar daga þegar engir skammtar voru skráðir og felur ekki í sérskammta sem ekki voru skráðir í forritið.

Skjótvirkt
27,2 ein.
58%



Langvirkt
20 ein.
42%


Notaðu þetta graf til að skilja:

- Meðalmagn daglegs heildarskammts insúlíns (TDD) á skýrslutímabilinu á dögum með að minnsta kosti einum insúlínskammti og staðalfráviki skjótvirkra skammta eingöngu
- Hlutfall langvirksog skjótvirkinsúlínsinnan TDD

Blóðsykur - Meðalgildi blóðsykurs sem skráð er í skammtareiknivélina eða flutt er inn úr tengdum blóðsykursmæli eða blóðsykurssírta.

Mjög hátt (>13,9)
12%

Hátt (10,1-13,9)
12%



Takmark (3,9-10,0)
76%

Notaðu þetta graf og blóðsykursgögn til að skilja:

- Meðal- og staðalfrávik blóðsykursþíns yfir skýrslutímabilið
- Hlutfall tíma sem varið er innan og utan við bil blóðsykurstakmarks

3,6 mmól/l
Staðalfrávik blóðsykurs

Notkun

skammtareiknivélar -

Hlutfall

skammtareiknivélar og insúlínskammta þar sem skammtareiknivél var notuð en skammturinn sem var tekinn var annar en ráðlagður skammtur.

23% af skömmtum < ráðlagt

12% af skömmtum > ráðlagt



65% af skömmtum einsog ráðlagt

Notaðu þetta graf til að skilja:

- Notkunarhlutfall reiknivélar % - Hlutfall skammta þar sem skammtareiknivél var notuð minna en 10 mínútum fyrir skammtinn
- Skammtareinsog ráðlagt - Hlutfall skammta sem voru teknir einsog ráðlagt (innan +/- 0,5 ein. af ráðlögðum skammti)
- Skammtar < ráðlagt / skammtar > ráðlagt - Hlutfall skammta sem voru teknir sem voru stærri eða minni en ráðlagður skammtur (a.m.k. 1 ein. meira eða minna en ráðlagður skammtur)

Skammtar sem misst

var af - Heildarfjöldi

þeirra skammta sem misst var af og hvenær þeir eiga sér stað á hverjum degi.

Langvirkt 13

Kvöldmatur 12



Morgunverður 9

Hádegismatur 8

Notaðu þetta graf til að skilja:

- Hversumörgum skömmtum var sleppt, eða máltíðum sleppt, yfir skýrslutímabilið.
- Meðalfjöldi skjótvirkra skammta sem skráðir eru á dag, yfir skýrslutímabilið.


2,6
Meðalfjöldi
skjótvirkra skammta
á dag

Athugaðu: Skjótvirkir skammtar sem ekki eru skráðir innan þeirra tímamarka sem stillt eru fyrir áminningar máltíðarskammta teljast vera skammtar sem þú hefur misst af, nema þú hafir gefið til kynna að þú hafir ekki borðað þá máltíð í viðbragði við áminningunni um skammt sem þú hefur misst af. Þótt áminningar um máltíðir sem misst hefur verið af séu ekki virkjaðar er samt tilkynnt um þær.


Langvirkir skammtar sem ekki eru skráðir innan þriggja klukkustunda fyrir eða eftir tíma áminninga um langvirka skammta teljast skammtar sem misst hefur verið af. Langvirkir skammtar sem misst hefur verið af eru aðeins reiknaðir þegar kveikt er á áminningu um langvirkan skammt. Meðalfjöldi skammta sem teknir eru á dag er einnig birtur. Fyrir notendur blóðsykursmælabirtist einnig meðalfjöldi blóðsykursmælinga á dag.

Dagsform blóðsykurs- Myndræn framsetning á mynstri daglegsblóðsykurs. Grafið sýnir miðgildi blóðsykursí svörtum lit, 50%gildi með dökkum röndum og 10%- 90%gildi með ljósari röndum. Fastmarkbil sem nemur 3,9-10,0mmól/l er gráskyggt með blóðsykursgögnunum yfirliggjandi. Þetta má nota til að sjá mynstur og tilhneigingu á mismunandi tímum dags.

Blóðsykurssíritagögn birtast svona:



Blóðsykursmæligögn birtast svona:



Athugaðu: Öll blóðsykursgögn sem vistuð eru í dagbók eru teiknuð á grafið. Skyggðurendurnar eru aðeinstil viðmiðunar

Þegar blóðsykursmæligögnin eru skoðuð. Raunverulegur blóðsykur milli blóðsykurspunkta er óþekktur.

Þetta graf getur hjálpað til við að bera kennsl á:

- Breytileiki í blóðsykursmagni eftir tíma dags
- Leitni blóðsykurshækkunar
- Leitni blóðsykurslækkunar

Insúlínstillingar - Insúlínstillingar sem stilltar eru innan forritsinsmunu birtast undir grafinu dagsform blóðsykurs. Stillingarnar eru í samræmi við þann tíma dags sem þær eru settar eftir í forritinu.

Target	110	110	110	110	110
CG	11	8	9	10	11
SD	43	40	41	42	43


Mean Dose: 5 U Duration of Insulin Action: 3h 30m

Langvirkt mat: Tímaglugginn sem þú fastar ákvarðast af tímanum með fæstu skjótvirku skömmtum, eða þá að þú getur tilgreint þetta sjálf(ur). Blóðsykursgildi sem skráð eru í skammtareiknivél eða flutt inn úr tengdum blóðsykursmæli eða blóðsykurssíríta á meðan þú fastar birtast. Dagar með skjótvirkum skömmtum í tímaglugga sem þú fastar eða á klukkustundunum tveimur fyrir tímaglugga föstu eru útilokaðir.

Þetta mat getur hjálpað til við að skilgreina:

- Miðblóðsykursgildi um háttatíma (a.m.k. 2 klukkustundum eftir síðustu máltíð dagsins)
- Miðblóðsykursgildi föstu (fyrir fyrstu máltíð dagsins)
- Tilhneigingu í blóðsykri á meðan á tímaglugga föstu stendur.
- Aðvörunarmerki um hækkun og lækkun í blóðsykri og tíðni blóðsykurslækkunar sem geta haft klíníska þýðingu.^{1,2}


Langvirkt mat með gögnum blóðsykurssíríta birtist svona:



¹ Walsh J, Roberts R. Pumping Insulin, 6. útgáfa 2017, Torrey Pines Press

² Walsh J, Roberts R, Bailey T. Guidelines for Optimal Bolus Calculator Settings in Adults. JDiabetes Sci Technol, 2011;5(1):129-135

Langvirkt mat með gögnum blóðsykursmælisbirtist svona:




Athugaðu: Blóðsykursgildi sem tekin eru á samadegi eru með samalit og tengjast með línunum. Línurnar eru aðeins til viðmiðunar þegar blóðsykursmæligögnin eru skoðuð. Raunverulegur blóðsykur milli blóðsykurspunkta er óþekktur.

Mat á máltíð: Hver máltíðargluggi (morgunverður, hádegisverður og kvöldverður) byggist á glugganum Meal Time (tími máltíðar) sem er stilltur í forritinu. Hvert graf sýnir leitni blóðsykurssem á sér stað eftir að skjótvirkur skammtur var skráður. Skammtarsem gefnir eru utan við glugga fyrir tíma máltíðar eru ekki með í mati á máltíð.


Þetta mat getur hjálpað til við að skilgreina:

- Miðgildi blóðsykursvið upphaf hvernar máltíðar.
- Miðgildi blóðsykursvið lok hvernar máltíðar.
- Leitni og mynstur í blóðsykri eftir tíma dags/tegund hvernar máltíðar.

Mat á máltíð með gögnum blóðsykurssírta birtist svona:




Mat á máltíð með gögnum blóðsykursmæli birtist svona:



Athugaðu: Blóðsykursgildi sem tekin eru á samadegi eru með samalit og tengjast með línunum. Línurnar eru aðeins til viðmiðunar þegar blóðsykursmæligögnin eru skoðuð. Raunverulegur blóðsykur milli blóðsykurspunkta er óþekktur.

Dagleg gröf - Myndræn framsetning á einsökum daglegum blóðsykri, insúlínskömmtum og kolvetnum/tegund máltíðar.



Blóðsykur úr blóðsykurssírta eða blóðsykursmæli er með fjólubláum lit og kolvetni/máltíð með grænum. Skjótvirkir insúlínskammtar birtast sem bláar fylltar kúrfur og langvirkir insúlínskammtar birtast sem bláir hringir. Notaðu dagleg gröf til að birta og meta mynstur í blóðsykri, insúlíni og kolvetnum frá degi til dags á síðustu 7 eða 14 dögum skýrslutímabilsins.

Við hvern hleðsluskammt:

- (✓) sýnir að skammturinn var innan við 0,5 einingar frá ráðlögðum skammti
- (▲) sýnir að skammturinn var 1 einingu eða meira yfir ráðlögðum skammti
- (▼) sýnir að skammturinn var 1 einingu eða meira undir ráðlögðum skammti
- Effeckt tákn birtist gefur það til kynna að skammtareiknivélin hafi ekki verið notuð

Dagleg gröf geta hjálpað til við að skilgreina:

- Áhrif einstakra ákvarðanaum skammta
- Orsakir einstakra tilvika blóðsykurslækkunar eða blóðsykurshækkunar

Dagleg gröf geta hjálpað til við að staðfesta:

- Virknitíma insúlíns
- Stuðull insúlínnæmis
- Hlutfall insúlínsá móti kolvetnum

7.3 Reikniregla fyrir skammtareiknivél

Dose Calculator (skammtareiknivél) notar fjórar mismunandi formúlur til að áætla hleðsluskammt, allt eftir núverandi blóðsykri þínum og þeim tíma semliðinn er frá síðastaskammti.

Blóðsykur	< 2 klukkustundir frá síðasta skammti	> = 2 klukkustundir frá síðasta skammti
Blóðsykur > 10,0 mmól/l	Formúla 1	Formúla 1

Blóðsykur	< 2 klukkustundir frá síðasta skammti	> = 2 klukkustundir frá síðasta skammti
Blóðsykurtakmark <= blóðsykur <= 10,0mmól/l	Formúla 1	Formúla 3
3,1mmól/l < blóðsykur < blóðsykurstakmark	Formúla 2	Formúla 3
Enginn blóðsykur skráður	Formúla 4	

- Efnúverandi blóðsykur þinn er yfir 10,0mmól/l, eða milli blóðsykurstakmarksog 10,0mmól/l innan við 2 klukkustundum frá síðastaskammti þínum, dregur skammtareiknivélin virkt insúlín frá leiðréttingarmatinu og bætir þessusvo við mataráætlun til að fá heildaráætlun hleðsluskammts.Hinsvegar, ef niðurstöður frádráttar virksinsúlínsfrá leiðréttingarmati eru mínustala (lægri en núll), byggist áætlaður heildarhleðsluskammtur aðeinsá mataráætlun.

(mataráætlun) (leiðréttingaráætlun)

$$TBE = \frac{C}{CR} + \frac{CG - TG}{ISF} - AI$$

Hvar:

TBE(Total Bolus Estimate) = Áætlaður hleðsluskammtur

C(Carbs) = Kolvetni

CR(CarbRatio) = Kolvetnishlutfall

CG(Current Glucose)= Núverandi blóðsykur

TG(Target Glucose)= Blóðsykurstakmark

ISF(Insulin Sensitivity Factor) = Stuðull insúlínnæmis

AI (Active Insulin) = Virkt insúlín

- Efnúverandi blóðsykur er lægri en blóðsykurstakmark þitt og það eru minna en 2 klukkustundir liðnar frá síðasta skammti þínum, er mataráætlun minnkuð sem nemur leiðréttingaráætlun til að fá heildaráætlun hleðsluskammts.

(mataráætlun) (leiðréttingaráætlun)

$$TBE = \frac{C}{CR} + \frac{CG - TG}{ISF}$$

Athugaðu: Þegar núverandi blóðsykur er undir blóðsykurstakmarki þínu og það eru minna en 2 klukkustundir liðnar frá síðastaskammti þínum, er virkt insúlín ekki talið með í heildaráætlun hleðsluskammts.

Hvar:

TBE(Total Bolus Estimate) = Áætlaður hleðsluskammtur

C(Carbs) = Kolvetni

CR(CarbRatio) = Kolvetnishlutfall

CG(Current Glucose)= Núverandi blóðsykur

TG(Target Glucose)= Blóðsykurstakmark

ISF(Insulin Sensitivity Factor) = Stuðull insúlínnæmis

3. Ef það eru liðnar meira en 2 klukkustundir frá síðasta skammti þínum og núverandi blóðsykur þinn er > 3,1mmól/l og <= 10,0mmól/l, bætir Dose Calculator (skammtareiknivél) leiðréttingaráætlun við og dregur virkt insúlín frá mataráætluninni til að fá heildaráætlun hleðsluskammts. Athugaðu að ef blóðsykur er undir blóðsykurstakmarki er mataráætlun minnkuð sem nemur leiðréttingaráætlun og virku insúlíni.

(mataráætlun) (leiðréttingaráætlun)

$$\text{TBE} = \frac{\text{C}}{\text{CR}} + \frac{\text{CG} - \text{TG}}{\text{ISF}} - \text{AI}$$

Hvar:

TBE(Total Bolus Estimate) = Áætlaður hleðsluskammtur

C(Carbs) = Kolvetni

CR(CarbRatio) = Kolvetnishlutfall

CG(Current Glucose)= Núverandi blóðsykur

TG(Target Glucose)= Blóðsykurstakmark

ISF(Insulin Sensitivity Factor) = Stuðull insúlínnæmis

AI (Active Insulin) = Virkt insúlín

4. Ef þú færir ekki inn blóðsykur byggist áætlaður heildarhleðsluskammtur aðeinsá mataráætluninni.

(mataráætlun)

$$\text{TBE} = \frac{\text{C}}{\text{CR}}$$

Hvar:


TBE(Total Bolus Estimate) = Áætlaður hleðsluskammtur

C(Carbs) = Kolvetni

CR(CarbRatio) = Kolvetnishlutfall

Hér á eftir eru nokkrar athugasemdir um skammtareiknivélina:

- Heildaráætlun hleðsluskammtser rúnnuð niður að næstu 0,5 einingum.
- Efblóðsykur er $\leq 3,1$ mmól/l mælir skammtareiknivélina með því að borða skjótvirk kolvetni til að hækka blóðsykur.
- Fyrir fastan skammt eða máltíðaráætlunarstillingar er mataráætlunin sá skammtur sem heilbrigðisþjónustuaðilinn gefur upp fyrir þá máltíð sem valin er í reiknivélinni.
- Ef heildaráætlun hleðsluskammts er mínustala og reiknivélina er í kolvetnatalningu mælir reiknivélina með að borða X grömm af kolvetnum samkvæmt útreikningunum
kolvetni = -(heildaráætlun hleðsluskammts) * ICR.
- Eftirfarandi kúrfa fyrir virkt insúlín sýnir hversu lengi hleðsluskammtur insúlínslækkar blóðsykur þinn eftir að hleðsluskammtur er gefinn. Hlutfall eftirlifandi insúlínslækkar með mismunandi tíðni, allt eftir því hversu lengi insúlínið er virkt í líkamanum.¹



8. Úrræðaleit

8.1 Tilkygningatákn

Þegar þú ert að nota forritið gætir þú séð eitt eða fleiri viðvörðunartákn á heimaskjámyndinni. Þegar tákn birtist er hægt að pikka á það til að fá frekari upplýsingar eða til að hreinsa tilkygninguna.

¹ Grafaðlagð frá Mudaliar og félagum, *DiabetesCare*, bindi 22, nr. 9, sept. 1999, bls. 1501.



Áminning um skjótvirkan skammt - Þetta tákn birtist þegar DoseReminder (áminning um skammt) er virkjað og enginn skammtur hefur verið tekinn í tímaglugganum. Hún er sjálfkrafa hreinsuð þegar næsti skammtur insúlínser tekinn, eða þá að þú getur pikkað á táknið til að fá frekari upplýsingar eða til að hreinsaviðvörðunina handvirkt .



Lág hleðsla rafhlöðu InPen - Þetta tákn birtist þegar InPen nær lokum 1 árs líftíma síns og tími er kominn til að skipta um. Það birtist nokkrum sinnum þegar nær dregur að lokum líftímans og verður sjáanlegt þar til nýtt InPener parað.



Hitastig insúlíns - Þetta tákn birtist þegar InPen greinir mjög hátt eða mjög lágt hitastig. Þú gætir, á grundvelli hitastigs InPen, viljað íhuga að skipta um insúlínhylki. Táknið er hreinsað sjálfkrafa þegar nýtt insúlínhylki er sett í.



Aldur insúlíns - Þetta tákn birtist ef kveikt er á ReplaceCartridge Reminder (áminning um að skipta um hylki) og InPen hefur ekki greint að nýtt hylki hafi verið sett í á síðustu 28 dögum. Eftir að þess tími er liðinn ættir þú að íhuga að skipta um insúlínhylki. Þú getur hreinsað táknið handvirkt eða táknið hreinsast sjálfkrafa þegar nýtt insúlínhylki er sett í.



Áminning um langvirkan skammt - Þetta tákn birtist þegar áminning um langvirkan skammt er virkjuð og enginn langvirkur skammtur var skráður á áminningartímanum. Þú getur pikkað á táknið til að fá fleiri valmöguleika eða til að hreinsaviðvörðunina handvirkt.

8.2 Skilaboð

Þú gætir einnig séð einhver af eftirfarandi skilaboðum þegar þú notar forritið:



Efskráð blóðsykursgildi er lágt mun skammtareiknivél ekki mæla með skammti. Það er mikilvægt að borða skjótvirk kolvetni til að meðhöndla lágan blóðsykur. Ef þú telur að skilaboðin séuröng skaltu athuga blóðsykursgildið sem þú skráðir.

Blood Glucose Out of Range

Blood Glucose must be between 1.1 and 33.3 mmol/L.

OK

Skammtareiknivélin samþykkir aðeinsgildi á bilinu 1,1- 33,3mmól/l. Efpú telur að skilaboðin séu röng skaltu athuga gildið sem þú skráðir. Ef blóðsykur þinn er utan við þetta bil skaltu grípa tafarlaust til aðgerða til að leiðrétta hann áður en þú notar skammtareiknivélina.

Carbohydrates Out of Range

Carbohydrates must be between 0 and 300 grams.

OK

Skammtareiknivélin samþykkir aðeinsgildi á bilinu 0 - 300 g. Efpú telur að skilaboðin séu röng skaltu athuga gildið sem þú skráðir.

Þú verður að hafa InPenparað við tækið þitt til að nota skammtareiknivélina. Sjáðu kaflann *Hafist handa* til að fá leiðbeiningar um pörun.

Þú verður að færa inn persónulegar stillingar þínar í **Therapy Settings** (meðferðarstillingar) til að nota skammtareiknivélina.

Efpú ert ekki með meðferðarstillingar þínar frá heilbrigðisþjónustuaðilanum verður þú að fá þær áður en þú heldur áfram. Það er mikilvægt öryggisinsvegna að meðferðarstillingar séu réttar. Sjáðu kaflann *Hafist handa* til að fá leiðbeiningar um uppsetningu á **Therapy Settings** (meðferðarstillingar).

Therapy Settings



Therapy Settings affect the dose calculator and could result in incorrect dose recommendations or hypoglycemia. Talk to your health care provider before changing these settings.

Go Back

Proceed

Þessi mikilvæga öryggisviðvörðun birtist í hvert sinn sem þú ferð í **Therapy Settings** (meðferðarstillingar). Pikkaðu á **Go Back** (fara til baka) og hafðu samband við heilbrigðisþjónustuaðila þinn ef þú hefur ekki fengið meðferðarstillingarnar til að nota.

Ef þú hefur fengið meðferðarstillingar skaltu pikka á **Proceed** (halda áfram).

8.3 Algeng vandamál og lausnir

Taflan að neðan útlistar nokkur möguleg vandamál sem geta komið upp við notkun á InPenkerfinu og lausnir sem hægt er að prófa.

Vandamál	Lausnir sem hægt er að prófa
Ég get ekki sett forritið upp.	Gakktu úr skugga um að snjalltækið sé samhæft InPen forritinu. Sjáðu <i>Studdtæki</i> að ofan.
	Vertu í snjalltækinu, pikkaðu á táknið fyrir forritaverslun tækisinsþínsog leitaðu að „Companion Medical InPen“ og fylgdu kvaðningunum til að setja forritið upp.
	Mögulega er InPenforritið ekki í boði alls staðar.
Ég paraði InPen en skammtar birtast ekki í forritinu.	Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth® á snjalltækinu þínu.
	Færðu InPen og snjalltækið innan við 1 m frá hvort öðru.
	Gættu þess að InPen sé enn innan 1 árs endingartíma frá því að það var fyrst notað.
	Lofltæmdu InPeneinu sinni eða oftar.
	Lokaðu InPenforritinu og endurræstu það.
	Vertu í skjámynd fyrir Bluetooth®stillingar í snjalltæki þínu, ef þú sérð InPen á listanum pikkarðu á það og velur „Forget This Device“ (gleyma þessu tæki). Sjáðu „Hafist handa“ til að fá leiðbeiningar um pörun ef InPen hefur þegar verið parað áður.
Lokaðu InPenforritinu og endurræstu það.	
Eftir að InPen hefur verið lofletæmt er tæmingarmagnið enn merkt sem skammtur.	Ef þú ert að nota skammtareiknivélina skaltu gæta þessa að lofletæma eftir að skammturinn þinn hefur verið reiknaður. Vertu í heimaskjámyndinni og pikkaðu á flipann Logbook (dagbók) til að skoða skammtalistann. Pikkaðu á skammtinn til að útnefna hann sem lofletæmingarskammt. Lofletæmingarskammtar eru ekki meðtaldir í virku insúlíni eða skýrslum.

Vandamál	Lausnir sem hægt er að prófa
Ég skildi InPen einhvers staðar eftir og ég þarf að taka insúlín úr öðrum gjafa.	<p>Þú getur tekið skjótvirkt insúlín úr öðrum gjöfum en InPen ef þess þarf. Þegar þú gerir það, gættu þess þá að skrá skammtinn handvirkt í InPenforritinu. Sjáðu <i>Handvirk skráning skjótvirksinsúlíns</i> til að fá leiðbeiningar um hvernig á að skrá skammt handvirkt.</p> <p>Öryggisins vegna er mikilvægt að skrá allt skjótvirkt insúlín sem tekið er. Skammtar sem teknir eru úr pöruðu InPen eru skammtaðir sjálfkrafa og ekki þarf að færa þá handvirkt inn.</p>
Ég paraði InPen við nýtt snjalltæki og nú vill það ekki tengjast við upprunalega snjalltækið.	<p>Aðeins er hægt að para InPen við eitt snjalltæki í einu. Efpörf krefur, fylgdu leiðbeiningunum í <i>Hafisthandatílu</i> til að para við upprunalega snjalltækið á nýjan leik.</p> <p>Það getur stýtt líftíma rafhlöðu að vera sífellt að para InPen við mismunandi snjalltæki og ekki er mælt með því.</p>
Ég heyri ekki í áminningum í snjalltæki mínu.	Sjáðu <i>Mikilvæg uppsetning snjalltækis</i> til að fá ráðleggingar um rétta uppsetningu á snjalltæki þínu.
Áminningin um skammt sem ég hef misst af virkar ekki.	<p>Pikkaðu á Settings > Reminders (stillingar > áminningar). Í hlutanum Missed Dose Reminders (áminningar fyrir gleymda skammta) skaltu kveikja á áminningum fyrir Breakfast (morgunverður), Lunch (hádegisverður) eða Dinner (kvöldverður) eftir þörfum.</p> <p>Áminningin um gleymda skammta mun aðeins minna þig á ef þú hefur ekki tekið skammt. Ef þú notar InPen eðlilega og tekur skammta á réttum tíma á hverjum degi birtist áminningin ekki.</p> <p>Þú getur breytt upphafs- og lokatíma áminningar um gleymda skammta þannig að hún hæfi daglegu lífi þínu í Settings > Therapy Settings (stillingar > meðferðarstillingar).</p>

Vandamál	Lausnir sem hægt er að prófa
Éger að reyna að stilla dagsetningu eða tíma en valið endurstillist alltaf.	<p>Ef það á að skrá insúlínkammt handvirkt verður tíminn að vera innan síðustu 24 klukkustunda, að öðrum kosti endurstillist valið.</p> <p>Þegarstilling fyrir tíma dagser stillt má hún ekki skarastvið annað tímabil, að öðrum kosti endurstillist valið.</p> <p>Breyttu einhverju öðru (t.d. dagsetningu, klukkustund, mínútu) fyrst til að komast hjá ógildri færslu.</p> <p>Breyttu öðru tímabili fyrst til að fyrirbyggja skörun við tímann sem þú ert að reyna að setja.</p>

9. Samhæft insúlín og nálar

InPen er samhæfur við 3 ml (U-100)insúlínhylki og einnota nálar (afhent sér). Sjáðu töfluna að neðan til að ákvarða samhæft insúlín og nálar til að nota með InPen:



Skoðu alltaf merkingar insúlínsfyrir inndælingu til að forðast mistök í lyfjagjöf.


InPen gerð	Samhæfð U-100 3 ml hylki	Samhæfðar nálar
MMT-105ELXX	Lilly Humalog® Lilly Lyumjev®	BD Ultra Fine™, Novofine™, eða sambærilegar nálar
MMT-105NNXX	Novo Nordisk NovoRapid®	
	Novo Nordisk Fiasp® Novo Nordisk Insulin Aspart Injection	

10. Undirbúningur


Þvoðu hendur og gakkðu úr skugga um að þú hafir eftirfarandi hluti við höndina áður en þú byrjar:

- InPen
- 3 ml U-100insúlínhylki
- Nýja pennanál


11. Undirbúðu InPen



1. Taktu lokið af
2. Skrúfaðu hylkishaldið af og fjarlægðu það.



3. Áður en þú setur insúlínhylkið í skaltu skoðaðu vel samkvæmtleiðbeiningum frá framleiðanda. Ekki nota hylkið ef það:
 - Erútrunnið
 - Lítur óeðlilega út
 - Erusprungur, brot eða aðrar skemmdir á því
4. Settu litla endann á insúlínhylkinu í hylkishaldið.
5. Festu hylkishaldið með því að ýta því og meginhluta InPen beint saman. Skrúfaðu meginhluta InPen í hylkishaldið þar til hann smellur og er fastur.



VARÚÐ: Ef hylkishaldið er ekki tryggilega fest getur hylkið verið skakkt og þú færð mögulega ekki fullan skammt.



Mikilvæg atriði

- Heilbrigðisþjónustuaðili þinn hefur skrifað upp á þá tegund insúlínssem er best fyrir þig. Allar breytingar á insúlíni skulu gerðar samkvæmt læknisráði.
- Aðeins má nota InPen með 3 ml U-100insúlínhylkjum.
- Notaðu aðeins insúlínhylki sem eru samhæf InPen.
- Lestu og fylgdu leiðbeiningum sem fylgja insúlínhylkinu.
- Lestu merkinguna á hylkinu fyrir hverja inndælingu og vertu vissum að InPen hafi að geyma rétta insúlínhylkið.
- Liturinn á InPen á ekki að gefa til kynna tegund insúlíns.

- Tölurnar á hylkishaldinu gefa hugmynd um magn insúlíns sem er eftir í hylkinu. Ekki nota þessartölur til að mæla insúlínskammt.
- Viljir þú fá meiri upplýsingar um InPenog insúlín, vinsamlegast kynntu þér upplýsingarnar sem fylgja insúlínhylkinu eða hafðu sambandvið heilbrigðisþjónustuaðila þinn.

Algengar spurningar um undirbúning á InPen

1. Hvað á ég að gera ef ég get ekki fest hylkishaldið við meginhluta InPen?

Gakktu úr skugga um að insúlínhylkið sé alveg inni í hylkishaldinu og skrúfan sé skrúfuð alla leið inni í InPen. Haltu svo hylkishaldinu þannig að það sé í flútti við meginhluta InPenog skrúfaðu samanþar til þau eru föst saman.

2. Hversvegna tek ég InPen í sundurþegar ég reyni að fjarlægja hettuna af InPen?

Ef þú hefur snúið InPenhettunni gæti það hafa losað hylkishaldið.


- Fjarlægðu hylkishaldið og insúlínhylkið úr InPen hettunni.
- Settu insúlínhylkið í hylkishaldið og skrúfaðu það aftur í InPen samstæðuna.
- Gættu þessað lofttæma InPenaftur áður en þú notar það næst.

12. Lofttæmdu InPen




VARÚÐ: Ef þú lofttæmir EKKI getur þú fengið of mikið eða of lítið insúlín. Lofttæmdu InPen fyrir hverja inndælingu.

1. Fjarlægðu pappírslipann af nálinni.
2. Festu nálina með því að skrúfa hana beint ofan í hylkishaldið einsog sýnt er.




3. Togaðu ytri hettuna og innri hettuna af.
 - Fargaðu innri hettunni.
 - Geymdu ytri hettuna til að fjarlægja nálina eftir inndælingu.


4. Snúðu skammtahnappnum til að velja magn til að lofttæma:
- Veldu 2 einingar einsog sýnt er.



5. Haltu InPen þannig að nálin snúi upp og bankaðu á hylkið til að allt loft fari efst.



6. Lofttæmdu InPen með því að ýta á inndælingarhnappinn með þumlinum og haltu inni í átta (8) sekúndur. Þú ættir að sjá nokkra dropa af insúlíni.



7. Efekkert flæði sést skaltu endurtaka ferlið í skrefum 4 til og með 6. Það gæti þurft að lofttæma InPen nokkrum sinnum með nýju hylki.



VARÚÐ: Ef enginn straumur insúlínssést eftir nokkrar tilraunir skaltu setja nýja nál í, þar sem þessi gæti verið stífluð.



Mikilvæg atriði

- Notaðu aðeins nálar sem eru samhæfar InPen.
- Leiðbeiningar um meðhöndlun nálarinnar eiga ekki að koma í stað reglna á svæðinu, reglur heilbrigðisráðgjafna eða stofnana.

- Notaðu nýja nál fyrir hverja inndælingu. Þetta hjálpar til við að tryggja smitsæfi. Þetta hjálpar einnig til við að koma í veg fyrir leka insúlíns, loftbólur og dregur úr stíflu nála.

Algengar spurningar um lofttæmingu InPen

1. Hversvegna er mikilvægt að lofttæma fyrir hverja inndælingu?

Ef þú lofttæmir EKKI getur þú fengið of mikið eða of lítið insúlín. Lofttæming stuðlar að því að InPen og nálin starfi rétt. Þegar InPener réttilega lofttæmt streymir insúlín úr nálinni. Þú gætir þurft að lofttæma nokkrum sinnum áður en þú sérð insúlín.

2. Hversvegna getur þurft margar tilraunir til að lofttæma þegar nýtt hylki er sett í?

Það gæti verið bil milli skrúfunnar og hylkiskólfsins. Ef lofttæming er endurtekin hreyfir það skrúfuna út þannig að hún snerti hylkiskólfinn. Þegarsnerting verður flæðir insúlín úr nálinni við lofttæmingu.

- Endurtaktu lofttæmingarskref þar til insúlín sést.
- Ef þú sérð enn ekki insúlínflæði úr nálinni, farðu þá í spurningu 3.

3. Hversvegna kemur ekki insúlínflæði úr nálaroddinum?

Lofttæming hreyfir skrúfuna þannig að hún snerti hylkiskólfinn og færi loft úr hylkinu. Þegar þú ert að lofttæma InPen:

- Mögulega sérðu ekkert flæði. Þetta getur verið vegna þessa að skrúfan er að hreyfast áfram til að loka bilinu milli skrúfunnar og hylkiskólfsins.
- Ef það er loft í hylkinu getur insúlínið frussasteða dropað þar til allt loftið er farið.
- Insúlín flæðir aðeins í straumi þegar InPener réttilega lofttæmt.
- Ef það er erfitt að ýta á inndælingarhnappinn gæti nálin verið stífluð. Settu nýja nál í. Endurtaktu lofttæmingarskref þar til insúlínstraumur sést.

Ef þú sérð enn ekki insúlínstraum úr nálinni, skaltu EKKI nota InPen. Hafðu samband við söluaðila til að fá aðstoð eða fá nýtt InPen.

4. Hvað á ég að gera ef það er loftbólur í hylkinu?

Lofttæming InPen fjarlægir loft. Haltu InPen þannig að nálin snúi upp og bankaðu gætilega á hylkið með fingrinum þannig að allar loftbólur fari efst. Endurtaktu lofttæmingarskref þar til insúlín sést. Það gæti verið lítil loftbólur eftir í hylkinu eftir að lofttæmingu er lokið. Ef þú

hefur lofttæmt InPenrétt hefur þessilítla loftbóla ekki áhrif á insúlínskammtinn þinn.


5. Hversvegna kemur ekki dropi af insúlíni frá nálarodddinum þegar ég athuga insúlínflæðið?

Þaðgæti verið einhver fyrirstaða í nálinni.

- Skrúfaðu nýja nál í
- Athugaðu insúlínflæðið þar til insúlín birtist á nálarodddinum

13. Skammtur valinn

1. Veldu skammtinn með því að snúa skammtahnappinum þar til æskilegur skammtur er við skammtavísinn. Hálfar einingar eru sýndar með línum milli talnanna.



Ef þú velur rangan skammt breytirðu honum einfaldlega með því að snúa skammtahnappinum í aðra hvora áttina. Ef þú skiptir um skoðun og vilt ekki taka skammt getur þú snúið hnappinum aftur á núllpunkt (0). Ekkert insúlín er gefið fyrir en þú ýtir á inndælingarhnappinn.



Mikilvæg atriði

EKKI er hægt að velja stærri skammt en 30 einingar. Ef þú þarft meira en 30 einingar verður þú að skipta skammtinum í tvær inndælingar.





Algengar spurningar um val á skammti

1. Hvernig leség af skammtavísinum?

Hægt er að breyta InPen í skrefum (millibilum) sem nema 0,5 (½) einingum. Lestu tölurnar á vísisglugganum til að sjá núverandi skammtastillingu. Efvísirinn er á milli talna þýðir það að hann er stilltur á ½ einingarskref milli talnanna. Hér að neðan eru fleiri dæmi.


Stilltur á **0 einingar**. Lína vísisins er á „0“ merkinu, sem þýðir að ekkert gerist ef þrýst er á hnappinn. Geymdu InPen svona.



<p>Stílltur á ½ einingu. Þetta er minnsta mögulega skammtastærðin.</p>	
<p>Stílltur á 1 einingu. Lína vísisins er á tölunni „1“.</p>	
<p>Stílltur á 1,5 einingar. Lína vísisins er á merkingunni milli „1“ og „2“.</p>	
<p>Stílltur á 30 einingar. Þetta er stærsta mögulega skammtastærðin.</p>	

14. Inndæling skammtsins

1. Veldu hvar á líkamanum þú ætlar að sprauta þig. Gættu þess að húðin sé hrein og þurr.



2. Settu nálina inn í húðina eins og heilbrigðisþjónustuaðili þinn hefur sýnt þér.
3. Til að dæla insúlíninu í þig seturðu þumalinn á inndælingarhnappinn, ýtir svo hægt og þétt á hnappinn þar til hann hættir að hreyfast.




4. Haltu hnappinum áfram niðri í 8 sekúndur og fjarlægðu svo nálina úr húðinni. Gakktu úr skugga um að þú sjáir 0 á skammtaglugganum til að staðfesta að þú hafir fengið allan skammtinn.

Athugaðu: Það er hægt að stilla skammt sem er stærri en það magn insúlínssem er eftir í hylkinu. Þegar inndælingu er lokið ætti talan í skammtaglugganum að vera 0, ef svo er ekki er þessitala það magn insúlínssem þú fékkst EKKI. Mundu þessa tölu þar sem þú þarft að setja nýtt hylki í og dæla þessumagni insúlínsi þig til að ljúka fullum skammti.


5. Eftir að þú fjarlægir nálina úr húðinni gæti dropi af insúlíni komið frá nálaroddinum. Þetta er eðlilegt og hefur engin áhrif á gefinn skammt.

Athugaðu: Ekki geyma InPen með áfastri nál til að koma í veg fyrir að loft komist inn í hylkið.

6. Settu hettuna aftur á nálina og fjarlægðu nálina með hettunni með því að snúa henni af.



7. Settu nálina í ílát fyrir beitta hluti eða hart plastílát með öruggu loki. Ekki henda nálum beint í ruslatunnu heimilisins.
8. Ekki endurnýta ílát undan notuðum nálum. Það verður að farga öllu ílátinu samkvæmt staðbundnum lögum.
9. Settu hettuna á InPen.



Mikilvæg atriði

- Þú verður að ÝTA inndælingarhnappinum beint niður til að skammturinn sé gefinn.
- Þú færð insúlínið EKKI með því að snúa skammtahnappinum.
- Ekki reyna að breyta skammtinum á meðan á inndælingu stendur.
- Fjarlægðu alltaf notaða nál eftir hverja inndælingu og geymdu InPen án nálar. Það kemur í veg fyrir mengun, sýkingu og insúlínleka og tryggir rétta skömmtun.
- Settu hettuna alltaf aftur á InPen eftir hverja notkun.
- Umönnunaraðilar ættu að sýna ýtrustu gætni við meðhöndlun á notuðum nálum til að forðast meiðsli.

Algengar spurningar um inndælingu á skömmtun

1. Hversvegna gefur InPen ekki neitt insúlín þegar ég sný skammtahnappinum til inndælingar?

Það gefur ekki insúlín að snúa skammtahnappinum. Þú verður að ýta á inndælingarhnappinn til að dæla því inn.

1. Hversvegna er erfitt að ýta á inndælingarhnappinn þegar ég reyni að dæla insúlíni í mig?

Nálin er mögulega stífluð. Prófaðu að setja nýja nál í og lofttæmdu svo InPen.

Það getur verið erfiðara að ýta inndælingarhnappinum niður ef það er gert of hratt. Það er auðveldara að ýta honum hægarniður.

Það er auðveldara að ýta inndælingarhnappinum niður við inndælingu ef nál sem er stærri að þvermáli er notuð. Spyrðu heilbrigðisþjónustuaðila þinn hvaða nál er best fyrir þig.

Ef þú ert ekki sáttur af ofangreindum skrefum leysir vandamálið gæti þurft að fá nýtt InPen.

Það getur orðið erfiðara að ýta á inndælingarhnappinn ef innra byrði InPen verður óhreint af insúlíni, mat, drykk eða öðrum efnum. Effarið er eftir leiðbeiningunum í hlutanum *Meðhöndlun og geymsla InPen* ætti þetta ekki að gerast.

2. Hversvegna fer skammtahnappurinn ekki á núll þegar ég dæli skammtinum mínum í mig?

Þetta getur gerst ef það er ekki nægilegt insúlín eftir í insúlínhylkinu fyrir allan skammtinn, eða ef nálin hefur stíflast. Til að fá restina af skammtinum þínum:


- Talan í skammtaglugganum er það magn sem þú fékkst EKKI. Mundu þessatölu þar sem þú þarft samt að dæla þessumagni í þig til að ljúka fullum skammti.
- Snúðu hnappinum aftur á stillinguna „0“.
- Taktu nálin úr InPen.
- Ef hylkið er tómt, settu þá nýtt hylki í. Ef það er ekki tómt er líklegt að nálin hafi verið stífluð.
- Settu nýja nál í.
- Lofttæmdu InPen þar til insúlín sést.

Ljúktu skammtinum þínum með því að velja það magn sem þú fékkst EKKI logdældu því magni í þig.

Ef þú ert ekki viss hvort þú hafir fengið fullan skammt ættir þú að mæla blóðsykurinn þinn oftar.

15. Hversumikið insúlín er eftir í InPen?

Skalinn á hylkinu sýnir nokkurn veginn hversu margar einingar eru eftir í hylkinu.




Það er allt í lagi að stilla stærri skammt en magnið sem er eftir af insúlíni. InPen gefur það insúlín sem er eftir í hylkinu og

Þú getur svo lokið skammtinum með nýju hylki. Sjá *Hluta 14 Inndæling skammtsins*.

16. Skipt um notað insúlínhylki

Athugaðu: Vertu vissum að nálin hafi verið fjarlægð og henni fargað á réttan hátt.

1. Skrófanstendur út þegar þú hefur notað allt insúlínhylkið.
2. Haltu InPen-skammtappinum og snúðu skrófunni rangsælisinn í InPen-hylkið þar til hún stöðvast.



3. Fylgdu leiðbeiningunum í *Hluta 11 Undirbúðu InPen*. Fargaðu notuðu hylki áður en þú seturnýtt í.

17. Meðhöndlun og geymsla InPen

Þegarinsúlínhylki hefur verið sett í InPen skaltu geyma InPen við stofuhita. Sjáöggn framleiðanda sem fylgdu insúlíninu þínu varðandi upplýsingar um hvernig á að geyma hylkin og hversu lengi skal geyma þau.

Fjarlægðu nálin eftir hverja notkun. Geymdu ekki InPen með nálin á festa.

Geymdu ekki InPen í kælikáp.

18. InPen hreinsað

Hreinsunfjarlægir óhreinindi af yfirborði búnaðarins. Hún drepur ekki gerla eða veirur. Það verður alltaf að hreinsa InPen þegar það virðist óhreint.

Hreinsaðu InPen eftir þörfum og aðeins með mjúkum klút sem er rakur af vatni, en gættu þessað vatn fari ekki inn í búnaðinn. Aldrei dýfa InPen í vatn. Ef það fer insúlín á InPen búnaðinn verður að hreinsa það af strax.



Mikilvæg atriði:

InPener hannaður til að virka á nákvæman og öruggan hátt en þú verður samt að hugsa vel um hann.

- Notaðu InPeneinungis eins og lýst er í þessari handbók.
- Meðhöndlaðu hann gætilega og ekki missa hann eða láta hann rekast í hart yfirborð.
- Ekki reyna að þvo, dýfa eða smyrja InPen þar sem það gæti skemmt hann.
- Haltu honum frá beinu sólarljósi, vatni, ryki og óhreinindum.
- Ekki farga InPen (án hylkis) við hitastig undir 5°C (41°F).
- Ekki reyna að gera við bilaðan InPen

Þegar þú færð rafhlöðuviðvörðun eða InPen nær ekki lengur sambandi við InPenforritið verður þú að fá nýjan InPen.

Algengar spurningar um umhirðu á InPen

1. Hvað á ég að gera ef InPen hefur dottið eða rekist í hart yfirborð, eða ef ég er ekki vissum að það starfi rétt?

Ef þig grunar að InPen hafi skemmst eða starfi ekki rétt skaltu strax hætta að nota það og hafa samband við söluaðila til að fá aðstoð eða fá nýtt InPen.

Ef þú ákveður að halda áfram að nota InPen skaltu ganga úr skugga um að hylkið sé ekki skemmt (sjáðu upplýsingarnar sem fylgja insúlínhylkinu) og setja nýja nál í.

Sumumeinnota nálum fylgir hetta sem hægt er að fylla til að staðfesta rétt magn insúlíns sem verið er að gefa. Þetta má nota til enn frekari staðfestingar á því að InPen starfi rétt. Sjáðu sjúklingaupplýsingar sem fylgja nálinni til að fá upplýsingar um þennan eiginleika.

19. Förgun

InPeninniheldur litíumrafhlöðu og rafeindahluti þannig að þú skalt ekki fleygja honum með heimilisúrganginum heldur farga honum á öruggan og umhverfisvænan hátt:

- Fjarlægðu nálinu og hylkið og fleygðu þeim eins og læknir eða hjúkrunarfræðingur hefur leiðbeint þér að gera.
- Fleygðu InPen alltaf eins og sagt er til um af staðbundnum yfirvöldum.

20. Mikilvægar upplýsingar

Lagalegir skilmálar Apple

Apple, iPad, iPhone, iPod, og iPod touch eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum. App Store er þjónustumerki Apple Inc.

Lagalegir skilmálar Android

Android er skráðvörumerki í eigu Alphabet Inc.

Um Bluetooth®

Bluetooth er tegund þráðlausra (RF)samskipta. Farsímarnotast við Bluetooth tækni sem og mörg önnur tæki. InPen notar Bluetooth til að þarast við snjalltækið þitt og til að sendagögn í InPenforritið.

InPenhefur verið prófað og telst viðeigandi til notkunar heima fyrir. Í flestum tilvikum ætti það ekki valda truflunum í öðrum heimilisraftækjum ef það er notað samkvæmt leiðbeiningum.

Hinsvegar gefur InPen frá sér útvarpstíðni og það gætu verið truflanir vegna sjónvarpa, útvarpa eða annarra raftækja sem taka á móti eða senda útvarpstíðnimerki.

Ef vart verður við truflanir í InPen, prófaðu þá að færa InPen frá uppsprettu truflananna. Þú getur einnig fært raftækið eða loftnet þessá annan stað til að leysa vandamálið. Ef þú finnur áfram fyrir truflunum, hafðu þá samband við stuðningsþjónustu framleiðanda raftækisins sem er að valda truflunum.

Bluetooth orðmerkið og lógóið eru í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun Companion Medical, Inc. á slíkum merkjum er samkvæmt leyfi. Önnur vörumerki og vöruheiti eru viðkomandi eigenda.

21. Viðbótarupplýsingar

Grundvallarafköst

Grundvallarafköst, samkvæmt skilgreiningu IEC60601-1, eiga ekki við um InPenkerfið.

Vinnslutíðni 2,4-2,4835 GHz tíðnisvið
Virkt útgeislað afl (ERP) 0,27 mW (-5,69 dBm)
Virkt alstefnuútgeislað afl (EIRP) 0,44 mW (-3,54 dBm)

Nákvæmni skammta

InPenuppfyllir virkniröfur og skilgreind mörk fyrir nákvæmni skammta samkvæmt ISO11608-1.

Notaðir hlutir

InPen er handtæki og telst vera notaður hlutur samkvæmt skilgreiningu IEC60601-1.

FCC-samræmi

Tækið er í samræmi við 15. hluta FCC-reglanna.

Notkun er háð tveimur skilyrðum: (1) Tækið má ekki valda skaðlegum truflunum og (2) tækið verður að þola allar truflanir, þ.m.t. truflanir sem geta valdið óæskilegri aðgerð.



MIKILVÆGT: Ekki má breyta innri útvarpssendingum eða loftnetinu nema með sérstöku samþykki Companion Medical. Það getur skert getu þína til að stjórna tækinu.

22. Ábyrgð

Companion Medical ábyrgist InPenkerfið hvað varðar efnisgalla og frágang í 1 ár frá kaupdegi.

Á ábyrgðartímanum mun Companion Medical skipta um, að eigin ákvörðun, gallað tæki, í samræmi við skilmála og undantekningar sem þar koma fram. Efskipt er um tæki er ábyrgðartíminn ekki framlengdur.

Þessi ábyrgð gildir aðeins ef InPenkerfið er notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og fyrir notist fyrir dagsetninguna. Þessi ábyrgð gildir ekki:

- Efskemmdir verða vegna breytinga á tækinu.
- Efskemmdir verða vegna notkunar á ósamhæfum hylkjum eða nálum.
- Eftjón stafar af *óviðráðanlegum atvikum* eða öðrum atvikum sem eru ekki undir stjórn framleiðanda.
- Eftjón stafar af vanrækslu eða óviðeigandi notkun, þ.m.t. en ekki takmarkað við: óviðeigandi geymslu, útsetningu fyrir vatni eða efnislega misnotkun, t.d. fall eða annað.

Þessi ábyrgð skal gilda fyrir upphaflegan notanda. Öll salaeða annar flutningur eða notkun vörunnar sem þessi ábyrgð nær til, eða af hendi annars notanda en upphaflegs notanda, skal leiða til tafarlausrar riftunar á þessari ábyrgð.

Þau úrræði sem koma fram í þessari ábyrgð eru einu úrræðin sem í boði eru vegna brotsá ábyrgðinni. Hvorki Companion Medical né birgjar þess eða dreifingaraðilar skulu bera ábyrgð á nokkru tilfallandi, afleiðu eða sérstöku tjóni sem stafar af eða verður til vegna galla í vörunni.

Öll önnur ábyrgð, bein eða óbein, er undanskilin, þar á meðal ábyrgð á söluhæfi eða hæfi til ákveðinstilgangs.

Notkun á InPenkerfinu heyrir ávallt undir þjónustuskilmála Companion Medical Inc.

(<https://www.companionmedical.com/terms-of-service>)

og persónuverndarstefnu

(<https://www.companionmedical.com/privacy-notice>).

Tæknilýsingar vara

InPenkerfið er ætlað til notkunar sjúklinga heima fyrir og á heilbrigðisstofnunum.

Vinnsluskilyrði (insúlín hlaðið) 5 °C (41 °F) til 37 °C (98,6 °F) 10 % til 95 % RH (án þéttingar)
Vinnsluhæð -381 m (-1253 fet) til 3010 m (9878 fet)
Vinnsluþrýstingur 80 kPa - 105 kPa
Geymsluskilyrði (ekkert insúlín hlaðið) 5 °C (41 °F) til 40 °C (104 °F) 10 % til 95 % RH (án þéttingar)
Mál 16,5 cm (6.5") x ø1,9 cm (0,8")
Þyngd 35 g
Aflgjafi Li-Mn rafhlaða (ekki skiptanleg)
Líftími 1 ár frá virkjun
Nákvæmni Uppfyllir mörk fyrir skammtanákvæmni samkvæmt ISO 11608-1
Rakavörn IP22: Vörn gegn ísetningu stórra hluta og drjúpandi vatni
Vörn gegn raflosti Notaður hlutur af gerð BF

Til að fá upplýsingar hafðu samband við:



CE 1282

Companion Medical, Inc.
12230 World Trade Drive, Suite 100
San Diego, CA 92128 USA
www.companionmedical.com

EC	REP
----	-----

Cormedics Medizintechnik GmbH
Bahnhofstrasse 32
82041 Deisenhofen Germany

©2021 Companion Medical, Inc.

LBL-00976-AA

06-2022

Tengiliðir:

Africa:

Medtronic South Africa and Southern Africa
Office Reception Tel: +27(0) 11 260 9300
Diabetes: 24/7 Helpline: 0800 633 7867
Sub-Sahara 24/7 Helpline: +27(0) 11 260 9490

Albania:

Net Electronics Albania
Tel.: +355 697070121

Argentina:

Corpomedica S.A.
Tel.: +(11) 4 814 1333
Medtronic Directo 24/7: +0800 333 0752

Armenia:

Exiol LLC
Tel.: +374 98 92 00 11 or +374 94 38 38 52

Australia:

Medtronic Australasia Pty. Ltd.
Tel.: 1800 668 670

Bangladesh:

Sonargaon Healthcare Pvt Ltd.
Mobile: (+91)-9903995417 or (+880)-1714217131

Belarus:

Zarga Medica
Tel.: +37517 336 97 00
+37529 613 08 08
+37517 215 02 89
Helpline: +74995830400

België/Belgique:

N.V. Medtronic Belgium S.A.
Tel.: 0800-90805

Bosnia and Herzegovina:

“Novopharm” d.o.o. Sarajevo
Tel.: +387 33 476 444
Helpline: 0800 222 33
Epsilon Research Intern. d.o.o.
Tel.: +387 51 251 037
Helpline: 0800 222 33

Brasil:

Medtronic Comercial Ltda.
Tel.: +(11) 2182-9200
Medtronic Directo 24/7: +0800 773 9200

Bulgaria:

RSR EOOD
Tel.: +359 888993083
Helpline: +359 884504344

Canada:

Medtronic Canada ULC
Tel: 1-800-284-4416 (toll free/sans frais)

Chile:

Medtronic Chile
Tel.: +(9) 66 29 7126
Medtronic Directo 24/7: +1 230 020 9750
Medtronic Directo 24/7 (From Santiago): +(2) 595 2942

China:

Medtronic (Shanghai) Management Co., Ltd.
Landline: +86 800-820-1981
Mobile Phone: +86 400-820-1981
Calling from outside China: +86 400-820-1981

Colombia:

Medtronic Latin America Inc. Sucursal Colombia
Tel.: +(1) 742 7300
Medtronic Directo 24/7 (Landline): +01 800 710 2170
Medtronic Directo 24/7 (Cellular): +1 381 4902

Croatia:

Mediligo d.o.o.
Tel.: +385 1 6454 295
Helpline: +385 1 4881144
Medtronic Adriatic d.o.o.
Helpline: +385 1 4881120

Česká republika:

Medtronic Czechia s.r.o.
Tel.: +420 233 059 111
Non-Stop Helpline (24/7): +420 233 059 059
Zákaznický servis (8:00 - 17:00): +420 233 059 950

Danmark:

Medtronic Danmark A/S
Tel.: +45 32 48 18 00

Deutschland:

Medtronic GmbH
Geschäftsbereich Diabetes
Telefon: +49 2159 8149-370
Telefax: +49 2159 8149-110
24-Std-Hotline: 0800 6464633

Eire:

Accu-Science Ltd.
Tel.: +353 45 433000

España:

Medtronic Ibérica S.A.
Tel.: +34 91 625 05 42
Fax: +34 91 625 03 90
24 horas: +34 900 120 330

Estonia:

AB Medical Group Estonia Ltd

Tel.: +372 6552310

Helpline: +372 5140694

Europe:

Medtronic Europe S.A. Europe,

Middle East and Africa HQ

Tel.: +41 (0) 21-802-7000

France:

Medtronic France S.A.S.

Tel.: +33 (0) 1 55 38 17 00

Hellas:

Medtronic Hellas S.A.

Tel.: +30 210677-9099

Hong Kong:

Medtronic Hong Kong Medical Ltd.

Tel.: +852 2919-1300

To order supplies: +852 2919-1322

24-hour helpline: +852 2919-6441

India:

India Medtronic Pvt. Ltd.

Tel.: (+91)-80-22112245 / 32972359

Mobile: (+91)-9611633007

Patient Care Helpline: 1800 209 6777

Indonesia:

Medtronic International Ltd.

Tel.: +65 6436 5090 or +65 6436 5000

Israel:

Medtronic Trading Ltd.

Tel: +972-9-9724400

Tel (product support - 8:00-17:00): +972-9-9724489

Helpline: (weekends & holidays): 1-800-611-888

Italia:

Medtronic Italia S.p.A.

Tel.: +39 02 24137 261

Fax: +39 02 24138 210

Servizio assistenza tecnica:

N° verde: 800 60 11 22

Japan:

Medtronic Japan Co. Ltd.

Medtronic Japan

24hr. Support Line: 0120-56-32-56

日本: 日本メドトロニック株式会社

24時間サポートライン: 0120-56-32-56

Kazakhstan:

ТОО "Медтроник Казахстан"

Tel.: +7 727 321 13 30 (Almaty)

Круглосуточная линия поддержки:

8 800 080 5001

Kosovo:

Yess Pharma

Tel.: +377 44 999 900

Helpline: +37745888388

Latin America:

Medtronic, Inc.

Tel.: 1(305) 500-9328

Fax: 1(786) 709-4244

Latvija:

RAL SIA

Tel.: +371 67316372

Helpline (9am to 6pm): +371 29611419

Lithuania:

Monameda UAB

Tel.: +370 68405322

Helpline: +370 68494254

Macedonia:

Alkaloid Kons Dooel

Tel.: +389 23204438

Magyarország:

Medtronic Hungária Kft.

Tel.: +36 1 889 0688

Malaysia:

Medtronic International Ltd.

Tel.: +603 7946 9000

México:

Medtronic Servicios S. de R. L. de C.V.

Tel. (México DF): +(11) 029 058

Tel. (Interior): +01 800 000 7867

Medtronic Directo 24/7 (from México DF): +(55) 36 869 787

Medtronic Directo 24/7: +01 800 681 1845

Middle East and North Africa:

Regional Office

Tel.: +961-1-370 670

Montenegro:

Glosarij d.o.o.

Tel.: +382 20642495

Nederland, Luxembourg:

Medtronic B.V.

Tel.: +31 (0) 45-566-8291

Gratis: 0800-3422338

New Zealand:

Medica Pacifica

Phone: 64 9 414 0318

Free Phone: 0800 106 100

Norge:

Medtronic Norge A/S

Tel.: +47 67 10 32 00

Fax: +47 67 10 32 10

Philippines:

Medtronic International Ltd.

Tel.: +65 6436 5090 or +65 6436 5000

Россия:

ООО «Медтроник»

Tel.: +7 495 580 73 77

Круглосуточная линия поддержки: 8 800 200 76 36

Polska:

Medtronic Poland Sp. z o.o.

Tel.: +48 22 465 6934

Portugal:

Medtronic Portugal Lda

Tel.: +351 21 7245100

Fax: +351 21 7245199

Puerto Rico:

Medtronic Puerto Rico

Tel.: 787-753-5270

Republic of Korea:

Medtronic Korea, Co., Ltd.

Tel.: +82.2.3404.3600

Romania:

Medtronic Romania S.R.L

Tel.: +40372188017

Helpline: +40 726677171

Schweiz:

Medtronic (Schweiz) AG

Tel.: + 41 (0) 31 868 0160

24-Stunden-Hotline: 0800 633333

Fax Allgemein: +41 (0)318680199

Serbia:

Epsilon Research International d.o.o.

Tel.: +381 113115554

Medtronic Serbia D.o.o.

Helpline: +381 112095900

Singapore:

Medtronic International Ltd.

Tel.: +65 6436 5090 or +65 6436 5000

Slovenija:

Zaloker & Zaloker d.o.o.

Tel.: +386 1 542 51 11

24-urna tehnična pomoč: +386 51316560

Slovenská republika:

Medtronic Slovakia, s.r.o.
Tel.: +421 26820 6942
HelpLine: +421 26820 6986

Sri Lanka:

Swiss Biogenics Ltd.
Mobile: (+91)-9003077499 or (+94)-777256760

Suomi:

Medtronic Finland Oy
Tel.: +358 20 7281 200
Help line: +358 800 164 064

Sverige:

Medtronic AB
Tel.: +46 8 568 585 20
Fax: +46 8 568 585 11

Taiwan:

Medtronic (Taiwan) Ltd.
Tel.: 02-21836000
Toll Free: +886-800-005285

Thailand:

Medtronic (Thailand) Ltd.
Tel.: +662 232 7400

Türkiye:

Medtronic Medikal Teknoloji
Ticaret Ltd. Sirketi.
Tel.: +90 216 4694330

Ukraine:

ТОВ «Медтронік Україна»,
Лінія цілодобової підтримки:
Тел.: 0 800 508 300

USA:

Medtronic Diabetes Global
Headquarters
24-Hour Technical Support: +1-800-646-4633
To order supplies: +1-800-843-6687

United Kingdom:

Medtronic Ltd.
Tel.: +44 1923-205167

Österreich:

Medtronic Österreich GmbH
Tel.: +43 (0) 1 240 44-0
24 – Stunden – Hotline: 0820 820 190